

Vallaskóli sigraði Skjálftann 2024



Skjálftinn, hæfileikakeppni sunnlenskra ungmenna fór fram í fjórða sinn laugardaginn 23. nóvember í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn. Sex skólar tóku þátt að þessu sinni. Keppendur voru frá Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Vestmannaeyjum, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Reykholtsskóla, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla.

Keppendur stigu á svið og fluttu sköpunarverk sín og stemningin var engu lík. Atriðin voru mjög mismunandi en áttu það sameiginlegt að vera túlkun á málefnum sem áberandi geta verið í umræðunni í daglegu lífi. Má þar nefna heimilisofbeldi, brotna sjálfsmynd, hópprýsting og annað sem vert er að vekja athygli á í samfélaginu.

Aron Can mætti á svæðið og flutti Skjálftalagið *Flýg upp* og ætlaði þakið að rifna af húsinu. Það var í höndum nemenda að kjósa um hvaða listamaður kæmi fram og völdu flestir Aron Can.

Þegar að verðlaunaathöfn var komið, var ljóst að Vallaskóli hafi borið sigur úr býtum. Atriðið þeirra hét *Skref inn í myrkrið*.

Annað sætið hlaut Reykholtsskóli fyrir verkið *Góða nótt*.

Í þriðja sæti var Sunnulækjarskóli með verkið *Aðskilnaður*.

Kvöldið gekk mjög vel og lögðu allir þátttakendur hug og hjarta í undirbúning og var afraksturinn stórglæsilegur.

Myndasýrpa er á bls. 20.

Fyrsta skóflustungan tekin að nýrri Ölfusárbrú



Verksamningur um nýja Ölfusárbrú var undirritaður í golfskalanum á Selfossi 20. nóvember. Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar, Sigurður Ingi Jóhannsson fjármála-, efnahags- og innviðaráðherra og Þorvaldur Gissurarson forstjóri ÞG Verks undirrituðu samninginn.

Um er að ræða alútboð þar sem ábyrgð á endanlegri hönnun mannvirkja er á höndum verktakans og hefur ÞG Verk ráðið til sín hönnuði til að fullhanna verkið. Alþjóðlega hönnunar- og ráðgjafafyrirtækið Ramboll mun hanna brú á Ölfusá. Verkfæðistofan Verkis annast hönnun vega, jarðtækni auk

annarra brúa og undirganga. VSL, alþjóðlegt fyrirtæki með sérþekkingu í hönnun og byggingu kapalbrúa, mun starfa með ÞG verktökum að verkinu.

Vegagerðin sinnir umsjón og eftirliti með hönnun og framkvæmdum.

Í kjölfar samningsins tók Sigurður Ingi Jóhannsson fyrstu

skóflustunguna að nýju brúnni. Mikill fjöldi fólks mætti á staðinn til þess að verða vitni að atburðinum og lét það kuldann ekki á sig fá.

Áætlaður framkvæmdakostnaður við byggingu Ölfusárbrúar og tengda vegi í heild sinni er 14,3 ma.kr. á verðlagi ársins 2024. Þar af er brúin talin

kosta um 8,4 ma.kr. Fjármagnskostnaður vegna lántöku er áætlaður 3,6 ma.kr. Samtals er því heildarkostnaður við verkið áætlaður um 17,9 ma.kr. sem ætlunin er að standa undir með gjaldtöku af umferð.

Gert er ráð fyrir að umferð verði hleypt á þrúna á árinu 2028.

Fáðu fagmann í verkið

**Framúrskarandi
fyrirtæki 2024**

**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



JÓLALEG KAKÓKVÖLD

Fyrsti jólabókaupplesturinn í Bókakaffinu er fimmtudagskvöldið 28. nóv. kl. 20. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Höfundarnir sem mæta eru:

Illugi Jökulsson
Sigbór J. Guðmundsson
Auður Styrkársdóttir
Jón Hjörleifur Stefánsson
Ásdís Ingólfssdóttir
Kristín Þóra Harðardóttir

Kakó og kertaljós, smákökur og notaleg jólastemning

Bókakaffið

SKÖTUVEISLA

Hlaðborð 23. des kl. 11–14

- Skata með mörfeiti/hnoðmör
- Soðnar rófur og kartöflur
- Soðinn saltfiskur
- Rúgbrauð og smjör
- Ris a la mande með kirsuberjasósu
- Smákökur og kaffi/te

Verð **5.900** kr. á mann

Bókaðu hér

HÓTEL
ORK

Djassaðir jólatónleikar Jórúkórsins

Miðvikudaginn 4. desember stendur mikið til. Fyrsti í aðventu nýliðinn og Jórúkórinn er með jólatónleika í Selfosskirkju. Tónleikar verða kl. 20:30 og sala miða hefur farið fram úr okkar björtustu vonum því uppselt er á tónleikana. Aukatónleikar verða kl. 18:30 sama dag og enn eru til miðar á þá tónleika. Fyrri tónleikarnir henta e.t.v. betur fyrir þá sem koma lengra að eða mjög unga tónleikagesti, með mjúkrí stemmingu þar sem er sérstaklega velkomið að taka með sér bangsa til að hlusta líka. Miðasala fer fram á heimasíðu kórsins www.jorukorinn.is og mega tónleikagestir búast við notalegri en skemmtilegri stemningu með léttu gríni og glensi eins og kórnum einum er lagið.

Síðasti vetur var kórnum góður, uppselt var á jólatónleikana í fyrra, þegar kórinn átti notalega jólastund með tónleikagestum. Kórinn hélt Kvinnakvöld á Risinu 15. febrúar þar sem einnig var fullt út úr dyrum og stemningin einstaklega skemmtileg. Kórveturinn kláraðist á mjög svo skemmtilegu verkefni. Kórinn ásamt einvala liði hljóðfæraleikara kom sér fyrir á tónleikastaðnum Sviðinu þann 2. maí og var það, eftir því sem við best vitum, fjölmennasti hópur tónlistarmanna sem hefur komið fram þar.

Kórinn hóf að vanda störf aftur í haust en hann samanstendur af rúmlega 50 ungum og hressum söngkonum úr Árnes-

sýslu sem æfa saman vikulega og koma konur alla jafnan endurnærðar út af æfingum. Jólalögin settu svip sinn á fyrstu æfingarnar enda var stefnan strax sett á að hafa djassað yfirbragð á dagskránni. Kórinn býr svo vel að því að hafa frábæra kórstýru, Unni Birnu Björnsdóttur, sem eflir okkur allar í að verða betri (kór)konur. Fyrir utan það að vera frábær kórstýra og tónlistarkona þá útsetur hún líka lög fyrir kórinn og gerir það sérstaklega vel. Kórinn býr einnig svo vel að því að eiga góðan textahöfund í sínum röðum, Helgu Guðrúnu Lárusdóttur, og höfum við áður sungið þekkt lög við texta frá henni. Þegar Unnur Birna og Helga Guðrún sameinast í sköpunargáfunni verður útkoman stórkostleg og verða lög á dagskrá tónleikanna í nýjum útsetningum með nýjum textum, eitthvað sem enginn má láta fram hjá sér fara.

Góður kór er enn betri með góðu bandi og að þessu sinni

mun kórinn njóta aðstoðar frá einstökum tónlistarmönnum. Pálmi Sigurhjártarson verður á píanói, Dagný Halla Björnsdóttir á kontrabassa og Skúli Gíslason á trommum. Auk þess sem kórinn syngur í heild sinni þá koma einnig fram einsöngvarar úr röðum kórsins ásamt leynigestum. Kórinn átti góðan æfingadag laugardaginn 16. nóvember á Stað á Eyrarbakka, þar sem lögin á dagskránni voru fínþússuð til að tryggja okkar allra besta flutning fyrir tónleikagesti. Mynd- og hljóðbrot frá æfingadeginum, og starfi kórsins, er að finna á samfélagsmiðlum kórsins og hvetjum við áhugasama til að fylgja kórnum þar ásamt því að skella sér á heimasíðu kórsins og tryggja sér miða á jólatónleikana þann 4. desember, hvort sem er kl 18:00 eða kl 20:30 (aðeins örfáir miðar eftir á seinni tónleikana).

Fyrir hönd Jórúkórsins,
Guðrún Lind.



Nóg um að vera í Skálholti um jól og áramót

Tökum vel á móti aðventunni með því að taka þátt í helgihaldi í Skálholtsprestakalli. Sunnudaginn 1. des er verður hátíðarmessa kl 11.00 í Skálholtsdómkirkju. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar fyrir altari og Jón Bjarnason þjónar fyrir altari.

Sunnudaginn 1. desember kl. 19.00 verður aðventukvöld í Eyvindartungu sem er í Miðdalssókn þar sem verður boðið upp á reglulega notalega stund. Barnakór undir stjórn Jóns Bjarnasonar syngur, Jói trompet leikur og kór Miðdalskirkju treður upp. Ræðumaður er Bjarni Dan. Lauflétt aðventukaffi á eftir.

Sunnudagur 8. desember
Kl. 11 Skálholtsdómkirkja - messa og helgileikur. Árlegur helgileikur Skálholtskirkju með þátttöku leik- og grunnskólabarna, sem fyrir löngu er orðinn ómissandi hluti af jólaundirbúningnum. Nýir og eldri jólasálmar fluttir á leikrænan hátt. Kristín Þórunn, Bergþóra og Jón þjóna. Smákökur og kakó í safnadarheimilinu á eftir.

Kl. 14 Haukadalskirkja – aðventumessa. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar og prédikar, Jón Bjarnason leikur á orgel og

leiðir safnaðarsöng. Eftir messu er móttaka á Hótel Geysi, þar sem Einar Gíslason formaður sóknarnefndar býður til safnaðarfundar undir kaffinu. Öll eru innilega velkomin.

11. desember
Hátíðlegir jólatónleikar í Skálholtsdómkirkju kl. 20:00
Jólatónleikar í Skálholtsdómkirkju þar sem fjórir kórar úr uppsveitum Árnessýslu sameina krafta sína. Fjórir kórar úr uppsveitum Árnessýslu sameina krafta sína með stórtónleikum í aðdraganda jóla í Skálholtskirkju miðvikudagskvöldið 11. desember kl. 20.00

Kirkjukór Hrepphóla- og Hrunasókna, Kirkjukór Stóra-Núps og Ólafsvallasókna, Vörðukórinn og Skálholtskórinn flytja saman og í sitt hvoru lagi fjölda eldri og yngri söngperla sem tengjast aðventu og jólum.

Stjórnendur kóranna eru Jón Bjarnason, Eyrún Jónasardóttir og Þorbjörg Jóhannsdóttir.

Kóramir njóta liðsinnis þeirra Jóhanns I. Stefánssonar og Matthíasar Birgis Nardeau sem spila á trompet og óbó.

Miðaverð kr. 3.900. Ókeypis fyrir 12 ára og yngri. Miðasala á Tix.is.

Öll innkoma tónleikanna rennur til kaupa á nýjum flygli í Skálholtskirkju.





Nýtt upphaf

- **Neglum niður vextina**
með því að hætta að reka ríkið á yfirdrætti
- **Stöndum með ungu fólki og fjölskyldum**
með bráðaaðgerðum á húsnæðismarkaði
- **Tryggjum öruggar tekjur alla ævi**
með því að hækka lífeyri TR í takt við laun og með nýju fæðingarorlofskerfi
- **Fastur heimilislæknir sem þekkir þig**
og örugg heilbrigðisþjónusta óháð búsetu
- **Hlúum að fólkinu sem byggði landið**
með þjóðarátaki í umönnun eldra fólks
- **Tvöföldum fjárfestingu í samgöngum**
með tekjum frá auðlindum og aukinni verðmætasköpun

Velkomin í kosningakaffi á kjördag kl. 13–17 í Tryggvaskála.
Kosningavakan á sama stað, húsið opnar kl. 22.



Við bjóðum upp á akstur á kjörstað um allt Suðurland, sími 848 2118

Samfélagsstyrkjum Krónunnar úthlutað til ýmissa verkefna á Suðurlandi

Krónan valdi nýlega þrettán verkefni víða um land sem hljóta samfélagsstyrk frá Krónunni í ár. Langflest þeirra eru staðsett utan höfuðborgarsvæðisins en eiga það öll sameiginlegt að stuðla að jákvæðum áhrifum á uppbyggingu í nærsamfélögunum á þeim þéttbýlisstöðum þar sem Krónan er til staðar. Verkefnin eiga það einnig sameiginlegt að ýta undir umhverfisvitund eða aukna lýðheilsu í formi áherslu á hollustu og/eða hreyfingu þar sem sjónur er einkum beint að ungu kynslóðinni.

Meðal þeirra sem hlutu styrk eru Korfuknattleiksfélag Selfoss fyrir sérstakt verkefni sem hefur að markmiði að efla þátttöku stúlkna og kvenna í íþróttinni hjá félaginu, og Skógræktarfélag Rangæinga fyrir bætta aðstöðu í Aldamótaskógi á Gaddstöðum. Þá hlaut Dansfélagið Allra þjóða kvikindi í Vík einnig samfélagsstyrk fyrir að styðja við bakið á fjölmenningsamfélaginu sem þar hefur mótast á undanförunum árum.

Selfoss

Korfuknattleiksfélag Selfoss ákvað síðastliðið vor að endurvekja meistaraflokk kvenna og er afrakstur þeirrar vinnu meðal annars sá að nú mun efnilegt lið keppa í 1. deildinni í vetur. Korfuknattleiksíþróttin á Selfossi hefur ekki búið yfir kvennaliði í boltanum undanfarin tíu ár en karlaliðið byggir að langstærstu leyti á leikmönnum undir tvítugu á svæðinu. Verkefnið fram undan er að vekja frekari áhuga á körfunni meðal stúlkna og kvenna með frekari þátttöku hjá félaginu meðal annars með kaupum á búnaði, öflugri kynningu á næstu leikjum, æfingum og félagsstarfinu fram undan auk þess að skapa grundvöll fyrir áhugaverða fyrirlestra og fræðslu til handa iðkendum. Er meginverkefnið að mati stjórnenda Korfuknattleiksfélagsins að endurvakning meistaraflokks kvenna verði til þess að draga úr brottfalli stúlkna úr starfinu og veki áhuga fleiri á að ganga til liðs við félagið.

Rangárþing ytra

Á Hvolsvelli hlaut Skógræktarfélag Rangæinga styrk fyrir bætta aðstöðu í Aldamótaskógi



Ragnhildur Sveinbjarnardóttir frá Korfuknattleiksfélagi Selfoss veitti styrkunum móttöku ásamt tveimur leikmönnum meistaraflokks kvenna hjá félaginu. Með þeim á myndinni eru Heiðís Inga Hilmarsdóttir, verkefnastjóri sjálfbærnimála hjá Krónunni, og Matthías Ingi Árnason, verslunarstjóri Krónunnar á Selfossi, þar sem myndin var tekin.



Heiðís Inga Hilmarsdóttir, verkefnastjóri sjálfbærnimála hjá Krónunni, afhenti Þorsteini Jónssyni, ritara Skógræktarfélagsins, styrkinn í verslun Krónunnar á Hvolsvelli. Með þeim á myndinni er Guðmundur Jónsson verslunarstjóri.

á Gaddstöðum í Rangárþingi ytra, sem er fjölsóttur griðastaður bæði heimamanna og gesta víðsvegar að af landinu. Skógræktarfélagið hefur markvisst unnið að því að auka sem mest upplifun og ánægju gesta á sínum skógræktarsvæðum með því að bæta og byggja upp betri aðstöðu til að sem flestir geti notið heimsóknna sinna sem best í skógunum.

Vík í Mýrdal

Dansfélagið Allra þjóða kvikindi í Vík í Mýrdal hlaut samfélagsstyrk fyrir verkefni sitt að styðja sem best við samfélagsuppbyggingu í Mýrdalshreppi og nágrennasamfélögum með því að bjóða upp í dans og beina á sama tíma kastljósinu að ríki-dæmi þeirra ólíku menningarheima sem einkenna Víkur-samfélagið um þessar mundir. Jafnframt er markmið verkefnis



F.v. Heiðís Inga Hilmarsdóttir, verkefnastjóri sjálfbærnimála hjá Krónunni, og Laura Pasztor, verslunarstjóri Krónunnar í Vík.

Dansfélagsins að varpa skýrri sýn á samfélagið á staðnum sem gjöfult og innihaldsríkt fjölmenningsamfélag.



Pakkargjörðarveisla

Gunnar Ásgeir Halldórsson er matgæðingur vikunnar.

Þær með smjöri og rjóma. Kryddið með salti og pipar eftir smekk.

Kæra Hrefna, þakka þér hjartanlega fyrir að velja mig sem matgæðing vikunnar! Það er sannur heiður að fá tækifæri til að deila ástríðu minni fyrir matargerð og að aðrir fái að njóta hennar. Takk fyrir þetta einstaka tækifæri og traust sem því fylgir að vera matgæðingur vikunnar. Ég er einstaklega þakklátur fyrir það!



Grænar baunir m/steiktu beikoni
800 g grænar baunir
200 g beikon (smátt skorið og steikt)
2 hvítlauksrif

Steikið beikon þar til það er stökkt, bætið hvítlauk út í og síðan grænu baununum. Hitið baunirnar þangað til þær eru mjúkar.

Sætar kartöflur með sykurnhetum
1,5 kg sætar kartöflur
100 g smjör
3 msk. brúnsykur
100 g pekanhnetur (gróft saxaðar)

Skrælið og skerið sætar kartöflur í sneiðar. Setjið þær inn í ofn með smjöri og brúnsykri þangað til þær eru mjúkar. Stráið síðan pekanhnetum yfir.

Trönuberjasósa
300 g trönuber
150 g sykur
100 ml appelsínusafi
Börkur af appelsínu

Sjóðið trönuber í potti, setjið sykurn og appelsínusafa ofan í 10-15 mín eða þar til sósan þykknar.

Graskerjabaka
Botn:
250 g hveiti
150 g smjör (kalt, skorið í bita)
2 msk. sykur
3-4 msk. kalt vatn

Fylling:
400 g graskermak
2 egg
200 ml rjómi
150 g sykur
2 tsk. kanill
1 tsk. engiferduft
½ tsk. múska

Útbúið botninn með því að blanda saman hveiti, smjöri og sykri. Bætið við vatni og hrærið. Síðan skal kæla botninn. Setjið í eldfast mót sem er smurt með smjöri. Blandið saman fyllingunni og hellt yfir botninn. Baka er bökud í 40-50 mín.

Kartöflumús
2 kg kartöflur
150 g smjör
200 ml rjómi
Salt og pipar - eftir smekk

Sjóðið kartöflurnar í söltu vatni þar til auðvelt er að stinga í gegnum þær. Maukið

Ég ætla að skora á góðvin minn og samstarfsfélaga, Jón Einar Valdimarsson. Hann mun pottþétt matreiða einhverja dýrindis máltíð á milli þess sem hann sinnir börnunum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Í búðum mörgum býðst mér það, með banni stundum nefnt er það, svangur kallinn kom í það, keisarinn út sendi það.

Svar við gátu í blaði 2779: **KVÖRN**
1. Kjaftakvörn - 2. (K)vörn
3. Kaffikvörn - 4. Bein í fiskhausum

Leitum að metnaðar- fullum einstaklingi í starf **svæðisstjóra** **Suðurlands**

Frekari upplýsingar á
hsveitur.is/storf

Við færum fólki
birtu, yl og vatn

hsveitur.is



HS VEITUR

xM

EINA VÖRNIN **GEGN** **VINSTRI STJÓRN** **ER MIÐFLOKKURINN**

ÁFRAM ÍSLAND **xM**



Kynntu þér málin
nánar á **miðflokkurinn.is**



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastæðunum.



Frá kirkjugarðinum á Selfossi

Laugardaginn 30. nóvember
og sunnudaginn 1. desember nk.
verða jólaljósir kveikt í kirkjugarðinum.

Árvirkjamenn verða til
aðstoðar kl. 10:00 - 16:00
laugardaginn 30. nóv.
og 12:00 - 16:00
sunnudaginn 1. des.



Orkugjald:
Kr. 6.000,- á leiði.

Hægt er að greiða á
staðnum eða í verslun
Árvirkjans sem verður
opin kl. 10:00 - 16:00
laugardaginn 30. nóv.

Kirkjugarðsvörður.



Samfylkingin

Kosningakaffi og kosningavaka

Kl. 13:00-17:00 og 22:00
30. nóvember í Tryggvaskála á Selfossi.

Allt stuðningsfólk velkomið.

Kosningaskrifstofa að Eyravegi 15 opin
alla daga fram að kosningum kl. 16-19.

Akstur á kjördag í síma 848 2118.



Ljósadagurinn á Laugarvatni

Jólamarkaður Kvenfélags
Laugdæla verður haldinn í
Héraðsskólanum að Laugar-
vatni, laugardaginn 30. nóvem-
ber nk. og hefst kl. 14.

Hægt er panta söluborð hjá
Þóru Þóll í síma 781-7554 eða á
thorameldal@gmail.com.

Dagskrá ljósadagsins:

Kl. 14:00 - Jólamarkaður Kven-
félags Laugdæla opnar í Héraðs-
skólanum að Laugarvatni.

- Kvenfélag Laugdæla selur ilm-
andi vöflur

- Blóðsykursmæling á vegum
Lionsklúbbs Laugardals

- Lionsklúbburinn selur flotkerti

Kl. 17:00 - Bjarnalundur, ljósir
á tré Lionsklúbbsins tendruð og
barnakórinn syngur jólalög.

17:30 - Gengið niður að vatni í
kertaflýtingu.

- Fontana býður gestum og
gangandi upp á heitt kakó og
smákökur.

Hefðin sem skapar minn- ingar er sterk.

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir
formaður Kvenfélags Laug-
dæla ræddi við Sabínu Steinunni
Halldórsdóttur Laugvetning og
þúsundþjalasmið í undirbúningi
jólamarkaðarinnar og fékk hana til
að líta aðeins til baka.

„Þær eru margar ljúfar minn-
ingarnar sem koma upp og ekki
síður tilfinningar sem tengjast
því að upplifa daginn“ segir
Sabína Steinunn Halldórsdóttir
sem býður eftirvæntingafull eftir
30. nóvember til að fá að upplifa
hann með syni sínum sem endra-
nær.

„Ég hef líklega verið um tví-
tugt þegar ég upplifði sterkt að
mig langaði til að skapa eitthvað
og vera þátttakandi á markaðin-
um sjálfum. Eftir að hafa fylgst
með sköpun annarra og hand-
verki þorði ég loksins að vera
þátttakandi. Ég bjó í Reykjavík á
þessum tíma en hafði komist yfir
fallega uppskrift að húfu, Línu

langsökk húfu sem ég ákvað að
útfæra enn frekar og hannaði
„ponsjo“ í stíl.

Sabína hófst handa við
handavinnuna og nýtti nóvem-
berkvöldin í að sníða og hanna
í stærðir og þakkaði fyrir að hafa
kynnst Helgu sem kenndi henni
og unglingunum á fatasaum í
Héraðsskólanum að Laugar-
vatni. Kennslan hafði greinilega
skilað sér því Sabína seldi upp
lagerinn á jólamarkaði Kven-
félagsins og fékk fjölda pantana
í kjölfarið.

Í dag er hefðin sterk en þegar
jólamarkaðnum er lokið og flestir
hafa bragðað á funheitri kven-
félagsvöfla með rjóma tekur
við falleg stund í Bjarnalundi.
Þar hittast fjölskyldur og vinir
ásamt gestum þar sem hópur
barna í Bláskógaskóla á Laugar-
vatni syngur inn jólin og kveikt
er á ljósum jólatrésins í lund-
inum. Eftir fallega og hátíðlega
stund í Bjarnalundi er gengið í
óskipulagðri skruðgöngu niður
að Laugarvatni og kertum fleytt
í minningu aðstandenda, vina,
gæludýra eða heimsins eins og
hann leggur sig en hver og einn
velur sér þann ásetning sem
fylgir athöfninni. Fontana gefur

gestum og gangandi heitt kakó
og smákökur sem eru alltaf vel
þegar í kuldanum sem fylgir
þessari góðu útiveru.

„Á þessu augnabliki í kerta-
fleytingunni og í aðdraganda
dagsins upplifir maður tilfinn-
ingar sem eru blanda af stolti
og líklega monti, eins konar ást
á dalnum okkar. Sérstaklega
þegar hann mætir okkur í vetrar-
ríki, stillu og sýnir sínar allra
bestu hliðar. Fegurðin í logn-
inu, krafturinn og náungakær-
leikurinn verður áþreifanlegur.
Þessar tilfinningar minna mann
líka á það liðna, það sem var og
blanda af söknuði og ást. Þær til-
finningar staldra styttra við og
það birtir fljótt þegar maður sér
eftirvæntingu í litlum afleggjara,
litla molanum sem sér fegurðina
í litlu hlutunum og minnir á til-
gang jóla. Hátíð barnanna -
því fyrir mér byrja jólin á Laug-
arvatni“ segir Sabína enn fremur.

Við bjóðum öll velkomin á
Laugarvatn til að upplifa með
okkur þennan góða dag og taka
inn þessi fyrstu skref inn í að-
ventuna.

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir,
formaður Kvenfélags Laugdæla.



Jólabasar á Eyrarbakka

Hinn árlegi jólabasar Kven-
félagsins á Eyrarbakka er
ein af föstum hefðum til margra
ára og á sinn fasta sess í hefðum
margra. Undirbúningur hjá
basarnefndinni er búin að vera
síðan í september og er búin að
vera skemmtileg samvera að
vinna saman að góðum verkef-
num sem munu koma sér vel fyrir
góð málefni fyrir íbúa okkar.

Til sölu er ýmis varningur
sem kvenfélagskonur hafa unnið
að. Ýmsar hannyrðir, jólavörur,
áprentaðar sérvettur, sultur,
brauð, bakkelsi, spil, söngbók
og steiptar vörur. Einnig verður
flóamarkaður með ýmsum varn-
ingi. Enn fremur styður sam-
félagið vel við okkar störf með
því að leggja okkur lið sem ber
að þakka.

Kaffi-, gos- og vöflusala
verður til staðar og vonast

Kvenfélagið til að sjá sem flesta
og eiga notalega stund saman á
Stað á Eyrarbakka sunnudaginn
1. desember, fyrsta sunnudag í
aðventu.

Basarinn hefst kl. 14:00.
Einnig verður við með sölu-

bás á jólamarkaði við Húsið 8.
desember frá kl. 13-17. Eins og
endranær rennur ágóði til líknar-
og góðgerðarmála. Allir hjartan-
lega velkomnir.

F.h. basarnefndar,
Á.S.



VELDU LEIÐ SEM VIRKAR

Vaxtalækkun þann
20. nóvember 2024

-0,5%

Aukning
ráðstöfunartekna á ári

190.000 kr.

Hversu mikið lækka
greiðslur af 40 m.kr.
láni á ári með lækkandi
vöxtum?

-1,5%

560.000 kr.

-2,5%

930.000 kr.

-3,5%

1.280.000 kr.

-4,5%

1.625.000 kr.



D

Arfur stjórnmálanna 2024

Ef við hugleiðum arfleifð stjórnmálanna núna þegar gengið verður til kosninga í lok nóvember þá er af mörgu að taka.

Unga fólkið

Unga fólkið okkar, sem við ættum að styðja á allan hátt til að koma sér upp húsnæði og fjölskyldu, er látið bera hitann og þungann af því að halda niðri verðbólgu. Sem það olli ekki. Og ef það er uppvíst að því að eiga eitthvað aflögu þá eru vextir hækkaðir enn meira til að ná því af þeim. Er vandi skólanna kannski að hluta lítill tími, stress og þreyta foreldra? Vaxtaokur er að sliga ungar fjölskyldur og smærri fyrirtæki

Verðbólgan

Vitað hefur verið í mörg ár að vísitölutenging er valdur að því að stýritæki Seðlabankans virka illa og hefur Seðlabankastjóri bent á þetta. Önnur stýritæki virka jafn illa eða enn verr vegna vísitölutengingar. Ekkert hefur verið gert í þessu.

Vísitalan hefur verið reiknuð með húsnæðisliðnum inni. Þetta er séríslensk aðferð. Hún er ekki höfð með í öðrum löndum. Þetta veldur viðbótarhækkun lána og annarra samninga og áætlana þar sem vísitalan er notuð. Þetta er innbyggður þensluvaldur. Burt með vísitölutengingar lána.

Loftslagsmál

Íslendingar hafa um langt skeið notað vistvæna orku til heimilisnotkunar og til reksturs fyrirtækja, stórra og smárra. Samt sem áður hefur þetta ekki verið talið landsmönnum til tekna og við flokkuð sem verstu sóðar. Svo langt er gengið að við þurfum nú að kaupa losunarheimildir af þjóðum sem standa sig

mun verr en við og okkur er hótað bú-sifjum ef við þr e n g j u m ekki enn frekar að okkur.



Útanríkismál

Íslendingar hafa löngum talið sig friðarsinna og í gegnum allt kalda stríðið gátum við haldið talsambandi við allar þjóðir og nutum virðingar þess vegna. Þess vegna var fundurinn haldinn í Höfða á sínum tíma. Nú er staðan sú að það er eins og ráðherra utanríkismála sé gengin í björg og ætli að sigra öflugasta kjarnorkuveldi heimsins. Í stað þess að tala fyrir friði og samskiptum höfum við tekið til að hvetja til átaka og erum farin að greiða háar fjárhæðir til vopna-kaupa.

Lífeyrissjóðir

Lífeyrissjóðir landsmanna eru nú mjög stórir hlutabréfaeigendur víða í atvinnulífinu, ekki síst í smásölugeiranum, tryggingum, lánastofnunum og húsaleigufélögum. Í stað þess að fjárfesta í innviðum og öðrum hagkvæmum langtímafjárfestingum þá hafa þeir hagsmuni af því að halda uppi vöruverði, vöxtum og húsnæðisverði. Líta má á iðgjöld í lífeyrissjóði sem skatt frekar en eign. Allt bendir til þess. Og hverjum dettur í hug að nota skattfé til að spila með á hlutabréfamarkaði?

Ágætu kjósendur. Stjórnmálin hafa brugðist á svo mörgum sviðum. Miklu fleira mætti telja upp en ég lét þetta duga og bendi á að verkin tala.

Elvar Eyvindsson,
oddviti Lýðræðisflokksins í
Suðurland.

Þrjú mikilvæg kosningamál



Að undanfögnu hef ég átt þess kost að hitta margt fólk í kjördæminu. Þrátt fyrir ólíkar áherslur, þá eru þrjú mál sem flestir nefna þegar spurt er um helsta áhyggjuefnið, það eru hælisleitendamálin, kjör margra eldri borgara og ástand vegakerfisins.

Stöðvum stjórnsýsið á landamærunum

Alger viðhorfsbreyting hefur orðið víða í Evrópu og þess sér einnig merki hér á landi í þá átt að landamæri skulu vera örugg og við ráðum því hverjir koma hingað til lands. Fyrir þessu hefur Miðflokkurinn lengi talað fyrir daufum eyrum. Öðrum flokkum er ekki treystandi í mál-efnum öryggis og landamæra, það hafa þeir sýnt á undanfögnu árum. Ráðaleysið hefur kostað skattgreiðendur yfir 25 milljarða á ári í bein útgjöld og er þá ótalin óbeinn kostnaður og tilheyrandi álag á skóla, heilbrigðisstofnanir og aðra innviði.

Margir á stjórnmálavettvangi reyna að komast hjá umræðu um málið og setja alla útlendinga undir sama hatt. Staðreyndin er sú að yfir 400 milljónir manna hafa frjálsa för hingað til lands innan EES svæðisins og koma margir hingað til starfa á grundvelli EES samningsins. Vandamálin hafa minnst með það fólk að gera, þó að mikið sé óunnið í því að hjálpa því fólk að aðlagast íslenskri menningu og samfélagi, m.a. með íslenskukennslu.

Vandamálin eru tengd tilhæfalausum umsóknum um hæli hérlandis, með tilheyrandi fjáraustri úr ríkissjóði. Í tíð síðustu ríkisstjórnar stóðu landamæri landsins galopin og

hingað streymdi fólk sem hafði komið inn á Schengen-svæðið suður í Evrópu. Okkur ber engin skylda til að taka við fólk sem eiga umsókn í öðru landi innan svæðisins. Innri landamærin hafa staðið galopin og því vill Miðflokkurinn breyta.

Við þurfum að læra af öðrum þjóðum í málefnum útlendinga. Margir forystumenn í stjórnmálum á Norðurlöndunum viðurkenna nú að stefna þjóða þeirra hafi verið mistök til áratuga. Stefna danskra stjórnvalda er að taka ekki við einum hælisleitanda sem sækir um á danskri grundu. Gerum ekki sömu mistökinn og gerð voru í Skandinavíu. Það er ófært að hér geti starfað 15 glæpaklíkur óáreittar árum saman án aðgerða af hálfu stjórnvalda. Þessa hópa þarf að greina og leysa upp, afturkalla dvalarleyfi ef um erlenda aðila er að ræða og brottvísa af landinu.

Stefna Miðflokksins er að enginn eigi að koma til Íslands í leit að hæli. Efla þarf löggæslu á landamærum og flýta fyrir brottvísun þeirra sem fyrir liggur að hér fá ekki hæli. Við eigum að bjóða fólk í neyð til landsins og hjálpa því að aðlagast íslenskri menningu og samfélagi. Það fólk eigum við að velja gaumgæfulega í samvinnu við alþjóðastofnanir. Við eigum líka að hjálpa fólk í neyð nær þeirra heimaslóðum. Þar nýtist hver króna a.m.k. tífalt betur en hér á landi. Þannig hjálpum við fleirum.

Bætum kjör eldri borgara

Miðflokkurinn ætlar að auðvelda eldri borgurum, sem vilja og geta, að vera áfram virkir á vinnumarkaði. Við ætlum að

hækka frítekjumark atvinnutekna í 600 þúsund á mánuði. Þá ætlum við að hækka frítekjumark greiðslna úr lífeyrissjóði í 150 þúsund. Miðflokkurinn ætlar að leggja sérstaka áherslu á að bæta hag þess hóps sem er með lægri samantlagðar tekjur frá TR og úr lífeyrissjóði en samsvarar lægstu launum.

Vegakerfi 21. aldar

Vegakerfið er lykilinnviður sem hefur bein áhrif á lífsgæði og öryggi Íslendinga. Framkvæmdaleyfi stjórnvalda í þessum málaflokki á undanfögnu árum er ekki einungis fallið til að skerða ferðaþægingu og auka kostnað, heldur einnig draga úr öryggi. Ef svo heldur fram sem horfir gæti vegakerfið verið komið að hruni innan fárra ára. Við þurfum að hætta þessum bútasaumi í vegamálum, sýndarskóflustungum og fara að taka ákvarðanir svo unnt sé að uppfæra vegakerfið til 21. aldarinnar.

Kosningarnar í lok þessa mánaðar munu ekki einungis skera úr um hverjir sitja á Alþingi næstu fjögur ár eða hvaða flokkar munu stækka eða minnka. Í kosningunum mun verða dregin lína í sandinn í mörgum skilningi, hvort takist að ná tökum á ríkisfjármálunum án skattahækkana, hvort vegakerfið haldi áfram að vera á viðvörunarstigi og hvort takist að ná forræði yfir og verja landamæri landsins.

Karl Gauti Hjaltason,
lögreglustjóri og oddviti
Miðflokksins í Suðurland.

**X24**

Þú finnur allar
kosningagreinarnar á DFS.is

DFS.IS

Hvaða hlekkur ert þú í keðjunni?

Samvinna fyrir börnin okkar

Farsældarlögin eru stórt framfaraskref þegar kemur að því að tryggja velferð barna á Íslandi. Lögin byggja á þeirri grundvallarforsendu að allir sem vinna með og fyrir börn – hvort sem það eru skólar, heimili, frístundastarf, heilbrigðisþjónusta eða félagsþjónusta – vinni saman að farsæld þeirra. Markmiðið er að koma auga á og bregðast við aðstæðum barna áður en vandamál verða of flókin.

Þetta kallar á samstillt átak allra hlekkja farsældarkeðjunnar – frá heimilum til skóla, frístundastarfs og samfélagsins í heild. Í þessu samhengi gegnir forvarnarstarf lykilhlutverki. Með því að vinna saman að forvörnum getum við tryggt

börnum okkar öruggara og heilbrigðara umhverfi til að vaxa og þroskast.

Íþróttir og frístundastarf

Þátttaka í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi veitir börnum tækifæri til að efla félagsleg tengsl og þróa hæfileika sína. Þjálfarar og leiðbeinendur gegna þar lykilhlutverki, því þeim er ætlað að veita stuðning og leiðsögn á uppbyggilegan hátt þar sem hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín.

Farsældarlögin leggja áherslu á að frístundastarf sé mikilvægt til að stuðla að velferð barna. Með því að leggja rækt við íþrótt- og frístundastarf byggjum við sterkara, öruggara og heilbrigðara samfélag og drögum úr áhættuhegðun.

Foreldrar og heimilin

Grunnur að farsælli framtíð barna hefst heima. Opinská sam-

skipti, byggð á trausti, eru undirstaða heilbrigðs fjölskyldulífs. Á heimilinu mótask viðhorf, gildi og hegðun sem verða ómetanlegt veganesti í lífinu. Börn sem finna að þau geta rætt við foreldra sína um lífsins áskoranir eru ólíklegri til að leita í óæskilegan félagsskap.

Farsældarlögin byggja á þeirri forsendu að heimilin séu grundvöllur farsældar. Með því að tryggja að fjölskyldur fái nauðsynlegan stuðning og greiðan aðgang að þjónustu er hægt að styrkja umhverfið sem börn þurfa til að vaxa og dafna. Foreldrar hafa lykilhlutverk í forvörnum; með því að vera fyrirmyndir og sýna ábyrgð og kærleika styrkjum við börnin okkar og stuðlum að því að þau tileinki sér jákvæð gildi.

Menntastofnanir

Skólar eru meira en bara kennslustofur, þeir eru vettvangur

ur félags- og tilfinningaþroska og mótunar sjálfstrausts. Starfsfólk skólanna er oft fyrst til að taka eftir ef börn eiga í erfiðleikum og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í að styðja þau.

Farsældarlögin, sem tryggja aukna samþættingu þjónustu við börn, auðvelda skólastarfi að bregðast snemma við þörfum þeirra sem þurfa á stuðningi að halda. Regluleg samskipti milli heimila og skóla stuðla að því að allir vinni saman að farsæld barna.

Hlutverk samfélagsins

Samfélagið er sterkur hlekkur í keðju forvarna. Þegar ólíkir aðilar, skólar, íþróttafélög, heilbrigðisþjónusta og fjölskyldur taka höndum saman, sköpum við öruggara og heilbrigðara umhverfi fyrir börn.

Farsældarlögin hafa lagt traustan grunn að þessari samvinnu. Með samþættingu þjón-

ustu, sem lögin kveða á um, erum við betur í stakk búin til að mæta þörfum barna strax og tryggja að þau fái stuðning í uppbyggilegu og öruggu umhverfi. Forvarnir snúast um að deila ábyrgð og vinna að sameiginlegu markmiði: að tryggja að börn fái tækifæri til að vaxa og blómstra.

Við höfum öll mikilvægu hlutverki að gegna í forvörnum, sem foreldrar, kennarar, leiðbeinendur eða nágrannar. Farsældarlögin eru aðeins fyrsta skrefið á vegferð að betri framtíð fyrir börnin okkar. Með því að setja X við B laugardaginn 30. nóvember styðjum við áframhaldandi vinnu sem tryggir farsæld barna og styrkir samfélagið allt.

Elly Tómasdóttir,
forvarnarfulltrúi, bæjarfulltrúi
og frambjóðandi Framsóknar í
Suðurland.



Skiptir traust atvinna máli?

Fyrirhuguð móbergsvinnsla skapar traust og vel launuð störf, eykur tekjur Ölfuss og styrkir þannig rekstur og grunnstoðir sveitarfélagsins.

Heidelberg Materials starfar um allan heim samkvæmt ströngum kröfum iðnaðarins. Þær ströngu kröfur tökum við með okkur í öll okkar verkefni. Þannig uppfyllum við loforð okkar.

Við lítum á opin og bein samskipti við íbúa undanfarin ár sem mikilvægt skref í átt að sameiginlegum ávinningi.

Við hvetjum þig til að nýta atkvæðisrétt þinn og kjósa um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs í Þorlákshöfn.

Nánar á heidelberg.is

Auglýsing um kjörfund vegna alþingiskosninga 30. nóvember 2024 í Sveitarfélaginu Árborg



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Kjörfundur vegna alþingiskosninga í Sveitarfélaginu Árborg verður haldinn **laugardaginn 30. nóvember 2024**.

Kjörfundur hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið er í sjö kjördeildum. Skipt er í kjördeildir eftir lögheimili þann 29. október 2024. Stysta aðkoma á kjörstað í Vallaskóla er um inngang frá Engjavegi.

KJÖRSTAÐUR Í VALLASKÓLA, SÓLVÖLLUM 2, SELFOSSI (KJÖRDEILDIR 1-5)

1

Kjördeild 1

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum

A - Á og V - Þ, Íslendingar búsettir erlendis.

2

Kjördeild 2

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum **B - E auk Fossvegs og Háengis.**

3

Kjördeild 3

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum **F - J en ekki við Fossveg og Háengi.**

4

Kjördeild 4

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum **K - R.**

5

Kjördeild 5

Kjósendur með lögheimili við götur á Selfossi sem byrja á bókstöfunum

S - Ú, í húsum á Selfossi sem hafa ekki götuheiti og með ótilgreint lögheimili í sveitarfélaginu.

KJÖRSTAÐUR Í GRUNNSKÓLANUM Á STOKKSEYRI, STJÖRNUSTEINUM 2 (KJÖRDEILD 6)

6

Kjördeild 6

Kjósendur með lögheimili á Stokkseyri, í dreifbýli við Stokkseyri og **í póstinúmeri 801, en ekki í Tjarnabyggð.**

KJÖRSTAÐUR Í SAMKOMUHÚSINU STAÐ Á EYRARBAKKA, BÚÐARSTÍG 7 (KJÖRDEILD 7)

7

Kjördeild 7

Kjósendur með lögheimili á Eyrarbakka, í dreifbýli við Eyrarbakka og **í Tjarnabyggð.**

Kjósendur geta kannað hvar þeir eru á kjörskrá og í hvaða kjördeild á vefslóðinni www.kosning.is.

Kjósendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum með mynd á kjörstað.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördegi verður í Vallaskóla, Sólvöllum 2, Selfossi, sími 480 5806.

Selfossi, 20. nóvember 2024

Yfirkjörstjórn

Sveitarfélagsins Árborgar

Ingimundur Sigurmundsson

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir

Vettvangur voðaverka er nær þér en þú heldur

Ofbeldi, einelti og smánum finna sér í sífelli nýjan vettvang og leitinn að mögulegum fórnarlömbum er stöðug. Eins frábært og netið og snjallsíminn er þá eru þar hættulegar gildrur sem lagðar eru fyrir einkum börn og ungt fólk. Hættur sem geta haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir sjálfstraust, geðheilsu, líkamsmynd, námsárangur og félagsleg tengsl og stundum leiða þær til sjálfsvíga. Ungar stúlkur eru í sérstakri hættu en hún er ekki einskorðuð við þær. Baráttan gegn stafrænu ofbeldi er því snar þáttur í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi yfirleitt.

Dagana 25. nóvember til 10. desember stendur árlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi yfir. Því átaki var hrint úr vör af Sameinuðu þjóðunum og taka þúsundir kvenna- og mannréttindasamtaka þátt í því. Soroptimistar um allan heim, hér á Íslandi líka, taka þátt í átakinu undir yfirskriftinni Þekktu rauðu ljósin.

Vissir þú að 51% framhaldsskólanema og 20% nemenda í 8.-10. bekk hafa fengið sendar nektarmyndir á netinu? 29% framhaldsskólanema og 12% nemenda í 7.-10. bekk hafa fengið kynferðisleg komment

á netinu og flest þeirra eru frá ókunnugum. 15% grunnskólanemenda og 11% í framhaldsskóla hafa upplifað að vera lögð í einelti á netinu. 45% framhaldsskólanemenda hafa verið eða eru með falskan/nafnlausan reikning á samfélagsmiðlum og stundum er stofnað til þeirra í því skyni að leynast. Ef þú ert foreldri barns á þessum aldri getur vettvangur ofbeldis verið nær þér en þú heldur.

Sum tilfelli kynferðislegs ofbeldis á netinu eiga rætur í því að kærasti biður kærustu sína um kynferðislegar myndir og myndbönd. Stúlkan getur orðið við þeirri beiðni í góðri trú á heilindi viðtakanda. Um leið og slíkt efni er sent er dreifing þess ekki lengur á valdi sendandans. Stundum er óskað eftir grófari og grófari myndum. Viðtakandinn getur hótað að dreifa þessum myndum áfram og gerir það einkum í refsingarskyni ef og þegar stúlkan vill losna úr sambandinu. Það er líka þekkt að gerendur villi á sér heimildir á netinu. 73% framhaldsskólanema hafa samþykkt vinnubeiðnir frá ókunnugum. Meðal þeirra geta leynst gerendur í leit að fórnarlömbum.

Unglingsárin einkennast iðulega af því að unglingurinn vill víkka sinn heim og mynda tengsl utan við áhrifavald for-

eldranna. Foreldrar eiga því erfitt með að fylgjast með og setja mörk inni í heimi sem oftast er þeim sjónum hulinn. En það er hjálp að finna. Á eftirfarandi síðum er fræðsluefni ætlað foreldrum þar sem farið er yfir netöryggi, persónuvernd, samfélagsmiðla, tölvuleiki, friðhelgisstillingar og ýmislegt fleira með umræðupunktum fyrir foreldra. Á miðlalæsi.is má finna efni fyrir foreldra og kennara um samfélagsmiðla og líðan barna, fréttir og falsfréttir, áhorf á klám, hatur og einelti á netinu. Netumferðarskólinn.is og Skjárin og börnin á vefnum heilsuvera.is innihalda einnig efni ætlað foreldrum. 112.is er með afar vandað efni um netöryggi og hvaða hegðun er í lagi, hver ekki og hvað eigi að gera eigi stafrænt ofbeldi sér stað. Vefir Stúgamóta, Barnaheilla og margra fleiri eru einnig með greinargott efni um stafrænt ofbeldi.

Til þín sem foreldris: Stattu með barninu þínu.

Fylgstu með skjánotkun og líðan barnsins þíns. Aflaðu þér upplýsinga um hvað stafrænt ofbeldi er og lærðu að þekkja það þegar rauðu aðvörunarljósin blikka. Talaðu við aðra foreldra og kynntu þér hvað skólinn er að gera til að fræða og aðstoða börnin við að verja sig. Og umfram allt, taktu samtalið með barninu þínu.

Hildur Jónsdóttir, Soroptimistaklúbbur Suðurlands.



Systur úr Soroptimistaklúbbi Suðurlands gengu um Selfoss við upphaf sextán daga átaks gegn ofbeldi merktar appelsínugulu sem er litur átaksins. Myndin er tekin fyrir framan Sigurhæðir, þjónustumiðstöð fyrir þolendur kynbundins ofbeldis sem Suðurlandssysturnar reka.



Kjörstaðir í Sveitarfélaginu Árborg





Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Áframhaldandi Framsókn fyrir Suðurland

Sterkari sveitir eru allra hagur

D Reglulega kemur upp umræða um jarðir, jarðaviðskipti og kynslóðaskipti í landbúnaði. Í ritinu Ræktum Ísland, skýrslu Björns Bjarnasonar og Hlédísar Sveinsdóttur, er efninu gerð verðug skil. Þá hafa þingmenn Sjálfstæðisflokksins ítrekað flutt frumvörp um ýmsar aðgerðir til að auðvelda ættliðaskipti á bújörðum.

Fullveldið er í húfi

Of lítil umræða hefur verið um skýrslu um jarðir sem stýrihópur á vegum Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra skilaði 2021. Skýrslan tekur á mikilvægu úrlausnarefni þar sem mikið verk er enn óunnið til að lög, reglur og stjórnsýsla falli að nútímanum og breyttum aðstæðum og viðhorfum til lands og þeirra gæða sem í því felast. Þegar skýrslan er rýnd vekur athygli að virðing fyrir eignarrétti bænda, og viðhorf til jarðaviðskipta eru vanþróuð hér á landi. Í skýrslunni segir:

„Alþjóðleg reynsla hefur sýnt að rík ástæða er til að gjalda varhug við mikilli samþjöppun eignarhalds á landi. Land er enda undirstaða fullveldis ríkja og telst það til grundvallargæða hvers samfélags. Íslenskt land er sérstaklega verðmætt enda geymir það víðast hvar gnægð af þjóðfélagslega mikilvægum náttúruauðlindum undir og á yfirborði jarðar, þar á meðal jarðhita,

vatns- og veiðiréttindum. Eru þá ótalin þau miklu samfélagslegu og menningarlegu verðmæti sem felast í náttúru landsins og náttúru- og menningarminjum ýmiss konar. Viðhlítandi aðgangur að landi er einnig forsenda uppbyggingar og nýliðunar í landbúnaði og nauðsynlegur þáttur í viðhaldi og þróun byggðar.“

Mótum nýja löggjöf

Af þessum texta í skýrslunni sést að full þörf er fyrir mun ítarlegra samtali og vinnu við mótun löggjafar um jarðir á Íslandi, fyrir því viljum við standa.

Ekki verður um það deilt að samfélagsbreyting og aukin ásókn í bújarðir hafi ekki verið til að bæta hag bænda. Ótal dæmi eru um að „nýr“ jarðeigendur hafi auðgað og styrkt sveitir, þó að hin hliðin þekkist líka.

Þá skal ekki gleymt að ljósléiðaravæðing dreifbýlis og átak í lagningu á þriggja fasa rafmagn, hefur styrkt búsetu og verðmætisköpun í sveitum. Þessi verkefni hefur Sjálfstæðisflokkurinn leitt.

Kynslóðaskipti

Nýliðun í landbúnaði kemur okkur öllum við og íslenska þjóðin, í breyttri heimsmynd, verður að horfast í augu við að sjálft fullveldið er í húfi, hvernig íslenskum landbúnaði vegnar. Grundvallaratriði er að afkoma bænda verði traust. Ungum

bændum þurfa að standa til boða, eins og öðrum landsmönnum, almennar aðgerðir í húsnæðismálum. Má þar nefna stofnframlög og/eða hlutdeildarlán til kaupa á íbúðarhúsnæði. Einnig þarf með markvissum hætti að beita skattkerfinu, svo eldri kynslóð bænda hafi hag af því að verða hluti af lausninni með því að viðurkenna að söluverð búa og jarða er sér eignarsparnaður þeirra. Áhuga vantar ekki hjá ungu fólki á að hasla sér völl í landbúnaði.

Ný tækifæri

Í aðurnefndri skýrslu er einnig m.a. umfjöllun um breytingar og meðferð á heimildum til að fara um land bænda. Má þar strax koma auga á löngu tíma-bæra breytingu á samningum við bændur um línulagnir, sem krefst þess að farið sé um lönd bænda, þannig að leigutekjur renni til jarðanna/bænda.

Enginn vafi er á að eignarhald bænda sjálfra á bújörðum sínum tryggir hag þeirra og þjóðfélagsins best. Sjálfstæðisflokkurinn hefur, vill og mun standa áfram að framförum í íslenskum landbúnaði og sveitum.

Vilhjálmur Árnason,
Björn Bjarki Þorsteinsson.
Njáll Trausti Friðbertsson.
2. sæti Sjálfstæðisflokksins í
landsbyggðarkjördæmunum
premur.

Ég borga glaður skatta

Orðið „skattar“ er oft á flækingsi í umræðunni, jafnan tengt neikvæðum tilfinningum og jafnvel notað sem skammaryrði. Þegar rætt er um að hækka skatta á einhvern hátt stíga margir fram og láta í ljós óánægju. Ég er ekki þar, ég er glaður skattgreiðandi.

Brátt fyrir að hafa sjálfur lítið þurft á velferðarþjónustu að halda í gegnum tíðina, tel ég skatta vera undirstöðu sterks og sanngjarns samfélags. Ég er barnlaus og nýti ekki þjónustu eins og niðurgreidda leikskóla en það veldur mér engu hugangri. Þvert á móti er hughreystandi að vita að skattar mínir fara í að styðja þau sem á þurfa að halda. Þetta er ekki spurning um persónulegan ávinning heldur samstöðu og félagslegt réttlæti. Það er okkar sameiginlega ábyrgð að standa vörð um og styrkja þau sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu.

Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég gæti orðið veikur, lent í slysi eða orðið atvinnulaus hvenær sem er. Þá mun velferðarsamfélagið sem ég styð standa með mér. En slíkt kerfi byggist ekki á lofordum einum saman – það þarf fjármögnun. Þess vegna þarf að skoða hvernig við nýtum skattkerfið sem tæki til að auka jöfnuð og bæta lífsgæði allra.

Vinstri

hreyfingin grænt framboð leggur áherslu á réttlæti í skattkerfinu. Við viljum hækka skatta – en á réttum stað. Með sanngjörnum auðlindagjöldum og þrepaskiptum fjármagnstekjuskatti er hægt að tryggja að þau sem hafi mest leggi hlutfallslega meira til samfélagsins. Einnig þarf að hækka gjöld á þau sem eiga fleiri en tvö íbúðarhúsnæði og binda fyrir skattundanskot sem nýst hafa örfáum. Það er ekki bara sanngjarnt. Það er nauðsynlegt til að fjármagna menntun, heilbrigði og velferð fyrir öll.

Sterkt samfélag byggist ekki á einstaklingshyggju heldur samstöðu. Það snýst ekki um að taka sem mest út, heldur um að leggja inn fyrir heildina. Ég vil samfélag þar sem öll fá tækifæri og ég trúi því að réttlát skattheimta sé lykillinn að því. Við getum byggt samfélag sem sameinar mannagæsku og réttlæti en það krefst sameiginlegrar ábyrgðar.

Dormóður Logi Björnsson
3. sæti Vinstri hreyfingarinnar
græns framboðs í Suðurlandskjördæmi.


Skáldastund í Húsinu á Eyrarbakka

Skáldastund

Sunnudaginn 1. desember, kl. 15, lesa rithöfundar úr nýútkomnum verkum sínum. Þeir höfundar sem heimsækja Húsið í ár verða þau Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Margrét Lóa Jónsdóttir og Ragnar Jónasson.

Jólasýning

Jólasýning Byggðasafns Árnesinga er opin kl. 13-17 sama dag og næstu tvo sunnudaga. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.



Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkir jóladagskrá Byggðasafns Árnesinga.

Opnunartímar: 1. maí – 30. sept. alla daga kl. 10–17
eða eftir samkomulagi | sími: 483 1504 & 483 1082
info@byggdasafn.is | www byggdasafn.is



**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**




Á RÚNTINUM

með frambjóðendum

Í þessari seríu spjallar Hrönn á léttu nótunum við frambjóðendur Suðurkjördæmis um komandi kosningar.



HORFÐU
FRÍTT INNI
Á DFS.IS



Jólamarkaður

á Flúðum 2024

Jólamarkaðurinn á Flúðum hefur nú þegar markað sér sess í upphafi jólaundirbúnings á fjölmörgum heimilum.

Markaðurinn verður haldinn laugardaginn 30. nóvember 2024 milli kl. 13:00 og 16:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Fjölbreytt vöruúrval, ristaðar möndlur fyrir alla, jólasveinar gleðja ungviðið, veitingar og ljúf stemning.



Lýðheilsa bænda

★ Bændastéttin er hópur sem hefur gleymst í umræðum um kjaramál. Bændur hafa líka alveg týnst hvað varðar lýðheilsu, veikinda- og orlofsrétt. Við eigum öll að hafa rétt á því að lifa mannsæmandi lífi, geta framfleytt okkur og fjölskyldum okkar, svo við tölum nú ekki um að geta brugðist við þeim áföllum sem kunna að koma upp á lífsleiðinni. Við höfum hvernig séð tímakaup bænda útreiknað, enda varla til sú stétt sem er jafn bundin sinni vinnu og bændur.

Fólki verður tíðrætt um fæðuöryggi á Íslandi en hvað í raun er hið opinbera að gera til að styðja bænder í að tryggja það?

Nýliðun í bændastéttinni er nánast engin og ríkið gerir sama og ekkert til þess að liðka fyrir henni. Rannsóknir hafa sýnt að tengsl eru á milli tekna, starfsaðstæðna og heilsu fólks. Þegar ungir bændur horfa upp á sligandi lánakjör, samkeppni um kaup á jörðum við auðmenn, ríki sem hlustar ekki á bænder sjálfa og algjört óöryggi um hvað muni gerast ef bóndi veikist eða slasast sjáum við að staðan er ekki mjög spennandi fyrir unga fólk. Á meðan fylgjumst við með stéttinni eldast og eldast. Það er í raun engin furða að meðalaldur bænda nálgist nú eftirlaunaldurinn. Ríkið hefur ekki haft dug til að stíga inn í þá þróun að fjársterkir aðilar eru farnir að sankar að sér bújörðum á Íslandi. Þar þarf að setja skilyrði um búsetu og landbúnað á þeim jörðum sem eru seldar. Íslendingar virðast því ekki vera með neina langtímaáætlun í landbúnaðarmálum á meðan við horfum upp á stéttina eldast og deyja út.

Dæmisaga um ósveigjanleika kerfisins: skattar voru hækkðir hér á lítaða olíu, þar sem hið opinbera er að flýta fyrir orkuskiptunum. Ríkið er greinilega að hugsa meira um grænþvott en raunverulega hvata til umhverfis- og loftslagsverndar, þar sem það er ekki hægt að kaupa rafmagnsknúnar dráttarvélar í dag, svo dæmi séu nefnd. Með þessu



er eingöngu verið að leggja auknar álögur og stein í götu bænda sem hafa enga aðstöðu til að taka þátt í orkuskiptum, hvað þetta varðar.

Við heyrum út undan okkur og sjáum fréttir af því að bændur komist ekki í veikindaleyfi þrátt fyrir slys og jafnvel alvarlegan heilsuþrest. Okkur þykir flestum eðlilegt og sanngjarnt að eiga veikindarétt í okkar vinnu en tryggjavernd er hvernig nærri nægjanleg til að bænder búi við almennilegt starfsöryggi. Bregðist heilsan þurfa maki eða börn bænda að vinna helmingi meira á búinu, þrátt fyrir þá staðreynd að sökum lágra launa sé þetta fólk þá þegar í annarri vinnu. Nú ef bóndinn á ekki nána aðstandendur sem geta hlaupið undir bagga með þeim, bitnar ástandið á búfénaði.

En þessu er hægt að breyta og þessu þarf að breyta. Við viljum hafa öflugan landbúnað á Íslandi. Ekki viljum við selja allar jarðir erlendum auðkýfingum sem hafa engan áhuga á að stunda þar búskap. Eða er það kannski óopinber stefna stjórnvalda að á Íslandi verði ekki stundaður landbúnaður í nánustu framtíð? Innflutt matvæli þurfa eins og sakir standa ekki einu sinni að standast þær ströngu kröfur sem gerðar eru til matvælaöryggis og dýravelferðar í innlendri matvælaframleiðslu. Við erum á undarlegri vegferð í landbúnaðarmálum og þurfum að taka fast í stýrið nú þegar til að beygja af þessari leið.

Það er nauðsynlegt að endurhugsa kerfið. Við þurfum að huga að lýðheilsu bænda. Í landbúnaðarstefnu Sósíalistasflokksins segir að bæta skuli kjör bænda og viðurkenna þá sem mikilvægan hluta framvarðarsveitar lands-

manna sem þeir eru í raun. Sum nágrannaríki okkar huga betur að þessum málum og þaðan má fá hugmyndir, sumar jafnvel stórgóðar. Finniskir bændur eiga til dæmis rétt á 26 afleysingar-dögum á ári, sem greiddir eru af hinu opinbera. Það er einn liður í að huga að bættri heilsu bænda og betri vinnuaðstæðum. Það er öllum mikilvægt að sinna áhugamálum, sjálfsrækt og að komast frá vinnu reglulega. Einnig þarf að tryggja það að við slys og veikindi fái bændur tafarlaust afleysingu en ekki eftir þrjá mánuði eða eftir þref við tryggingafélög. Við höfum reiknað út hvað slík þjónusta myndi kosta og það er álíka mikið og rennur frá íslenska ríkinu til rúnmála á ári hverju. Aftur á móti mun þetta skila sér í bættri heilsu og velferð bænda og strax verður starfið mun álitlegra fyrir unga bænder.

Þetta er þó ekki nóg, það er nauðsynlegt fyrir bænder að fá hagstæð lán, hvort sem er fyrir jarðarkaupum, framkvæmdum eða nýsköpun. Sósíalistasflokkurinn berst meðal annars fyrir því að stofnaður verði samfélagsbanki. Slíkur banki getur til dæmis gjörbreytt stöðunni á húsnæðismarkaði og það sama myndi eiga við um lán til jarðarkaupum og framkvæmda. Samfélagsbankar eru ekki reknir í gróðaskyni, markmiðið er að notendurnir, almenningur á Íslandi, njóti góðs af. Þannig myndu lánakjör samfélagsbankans stórbæta lífsskilyrði bæði bænda og alls almennings á Íslandi.

Það þarf að breyta lýðheilsu-málum og lánakjörum bænda til að íslenskur landbúnaður dafni. Þar duga engar niðfrjálsbyggjulausnir sem miða að því að bankar séu að stórgræða á lánveitingum til bænda. Hér þarf sósíalískar lausnir með heilsu og hag bænda í huga.

Unnur Rán Reynisdóttir og Arnar Páll Gunnlaugsson, 1. og 3. sæti Sósíalistasflokksins í Suðurlkjördæmi.

Lífrænt er vænt og grænt

Matvæla- og mataröryggi landsins er gríðarlega mikilvægt. Þar leika bændur aðalhlutverkið. Þeirra er ræktunin og framleiðslan á jörðum sínum. Þar er mikilvægt að tryggja að umhverfis-sjónarmið og sjálfbærni sé í hávegum höfð og sanngjarnt álag á vistkerfin, náttúru og loftslag. Tryggja þarf búsetu bænda um allt land og sporna við því að býli og landbúnaður falli í hendur á fjármagnseigendum og stórfyrirtækjum með tilheyrandi hagnaðarsjónarmiðum og aðferðum sem hámarka gróða með neikvæðum áhrifum á hollustu, dýravelferð og vistálag. Þess vegna verður að styðja við bænder og liðka fyrir ættliðaskiptum og kaupum á bújörðum.

Fast er sótt að bændum og bújörðum og iðnvæddur landbúnaður handan við hornið ef ekki verður að gáð. Einnig er áskókn í jarðir vegna skógræktar þar sem kolefnisbarónar vilja kolefnisjafna iðnaðarmengun Evrópu. Á tímum loftlagshlýnnar er mikilvægt að landbúnaður sé í sátt við umhverfið, styðji við kolefnisbindingu en ekki síður lífræðilegan fjölbreytileika því í moldinni er upphafið og lykillinginn að lífinu. Lífrænn landbúnaður getur verið stór hluti af þessu öllu saman, styður við lífbreytileika og byggir upp jarðveg og niðurtöku næringarefna og þar með öflugur í kolefnisbindingu.

Árið 2023 kynnti þáverandi matvælaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, aðgerðaáætlun til eflingar lífræns landbúnaðar. Grunnur að aðgerðum voru samtöl við fjölmarga aðila innanlands ásamt því að stuðst var við sambærilegar stefnur á hinum Norðurlöndunum og á vettvangi Evrópusambandsins. Víða eru háleit markmið um aukna hlutdeild lífræna afurða og liður í að styrkja samkeppnisstöðu Íslands gagnvart nágrannalöndum sem og einnig innlendrar matvælaframleiðslu gagnvart innflutningi.

Lífræn ræktun er til þess fallin að vernda líffræðilega fjölbreytni sem dæmi og er lykilþáttur í að auka sjálfbærni íslensks landbúnaðar. Við

verðum að beina sjónum og athygli neytenda að kostum lífrænnar framleiðslu þar sem minna álag er á vistkerfi og sjálfbærni og dýravelferð í forgrunni enda fer eftirspurn eftir lífrænni framleiðslu vaxandi, enda um hollar afurðir að ræða með meira næringargildi og því verðmæti fyrir lýðheilsu.

Lífrænn búskapur, og þá lífræn ræktun, leggur mikla áherslu á dýravelferð og umhverfisvernd. Ferli við ræktun og framleiðslu er gjarnan ólíkt þó að afurðirnar líti eins út og aðrar. Reglugerð gerir skýrar kröfur til lífræns landbúnaðar og til að megi merkja vörur merki lífrænnar vottunar þarf faggilda vottunarstofu til. Þó er aðgengi að góðum lífrænum áburði helsta hindrun lífræns landbúnaðar. Ljós í myrkrinu er að landeldisfyrirtæki hafa hug á að vinna áburð úr úrgangi sem gæti nýst bændum. Á heimasíðu Lífræns Íslands (<https://lifraentisland.is/>) má finna góðar upplýsingar og fréttir af lífrænni framleiðslu þar sem umhverfisvernd og framleiðsla afurða í hæsta gæðaflokki fer saman með lýðheilsu og dýraværend í forgrunni.

Íslensk stjórnvöld hafa sett fram þau viðmið að árið 2040 verði lífrænt vottuð framleiðsla 10% af landsframleiðslu í landbúnaði. Við teljum að það megi gera mun betur. Í tíð Svandísar Svavarsdóttur var unnin fyrsta stefnan um íslenskan landbúnað sem er metnaðarfull og góð. Með auknum stuðningi við bænder, lífræna ræktun og framleiðslu ætti að vera hægt að ná mun háleitari markmiðum með umhverfisvernd og lýðheilsu í forgrunni. Það er vinstra mál og fyrir það stöndum við í Vinstrihreyfingunni grænu framboði.

Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, oddviti Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í Suðurlkjördæmi.

Hvaða ríkisstjórn tekur við eftir kosningar?

Stutta svarið við spurningunni í fyrirsögn þessa pistils er að Viðreisn sýnist ráða litarafti næstu ríkisstjórnar. Miðað við málatalbúnað flokksins á undanförunum misserum hlýtur að verða að gera ráð fyrir að Viðreisn hallist til vinstri og leitist við að mynda stjórn með Samfylkingu.

Ríkisstjórn af þessu tagi er ekki líkleg til að taka á þeim meginmálum sem við blasa. Hallalaus rekstur ríkissjóðs væri út af borðinu enda skattþækkar aðalmál Samfylkingar til að fjármagna hvers kyns gæluverkefni. Ríkisstjórn af þessu tagi myndi leggja ofuráherslu á aðild að Evrópusambandinu sem er aðalmál, ef ekki eina mál Viðreisnar.

Þetta mál rekur flokkurinn með öflugum upplýsingaöreiðu og fréttafalsanir að vopni til að fá kjósendur til að trúa að lækkan vaxta sé handan við hornið. Þetta mun ekki gerast enda tekur áratug eða meira að ná samningum við ESB og taka upp evruna. Umræða flokksins snýr því ekki að þeim vanda sem fjölmörg heimili og atvinnufyrirtæki glíma við vegna þeirra ofurvaxta sem riðið hafa yfir þjóðina. Þessir tveir flokkar mynda hryggjarstyrkikið í borgarstjórn Reykjavíkur sem með þéttingarstefnu og ófullnægjandi lóðaframboði hefur leitt af sér hærri hækkun



á vísitölu neysluverðs og hærri vexti en ella hefði orðið.

Leiðin til að afstýra slysi af þessu tagi er að styðja Miðflokkinn með það fyrir augum að hann verði þátttakandi í borgaralegri ríkisstjórn með ábyrgð og skynsemi að leiðarljósi, hugsanlega með Sjálfstæðisflokknum. Slíki ríkisstjórn væri treystandi til að ná tökum á ríkisfjármálum sem er forsenda lækkunar vaxta, sem tæki ESB-aðild ekki í mál, og sem taka myndi á hælisleitendamála og loftslagsmálum án gegndarlaus fjárausturs með íslenskar aðstæður og hagsmuni í forgrunni.

Ólafur Ísleifsson, 3. sæti Miðflokksins í Suðurlkjördæmi.

Á RÚNTINUM

með frambjóðendum

HORFÐU FRÍTT INNI Á DFS.IS

BÍLASALA — SELFOS —

SELFOS



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

AÐVENTU HÁTÍÐ


Aðventuhátíð

**OPIÐ
SUNNUDAG
UM LAND
ALLT**

25%

Allar seríur og jólas kraut

Jólaseríur • Skreytingarefni • Jólasyttur • Jólaservíettur
Jólas kraut • Kerti • Jólaljós Jólappír • Gervijólatré



**SKANNAÐU
KÓÐANN**
Skoðaðu öll tilboðin

SKOÐAÐU BLAÐIÐ



Afskiptur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmíðjunnar“.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Dagur mannréttinda barna í Hulduheimum

Þann 20. nóvember ár hvert er degi mannréttinda barna fagnað víða um heim en á þeim degi árið 1989 var barnasáttmálinn samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Á Íslandi var barnasáttmálinn undirritaður á Alþingi árið 1990 og lögfestur árið 2013. Í tilefni af degi mannréttinda barna langar okkur í leikskólanum Hulduheimum að segja ykkur hvernig við vinnum markvisst

með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einu sinni í mánuði er sérstök samverustund á hverri deild helguð barnasáttmálanum þar sem notast er við „heimatilbúið“ námsefni. Á eldri deildum er það brúðan Sæli sem kemur í heimsókn og á yngri deildum brúðan Engilráð sem er fjórlegur andarungi. Með hjálp brúðanna kynnum við börnum helstu réttindi þeirra og ræðum jafnframt um virðingu

fyrir öðrum þrátt fyrir ólíkan uppruna og/eða skoðanir en vináttan er rauði þráðurinn í stundunum. Við syngjum söngva um vináttu og stundum eru kenndir nýir söngvar sem tengjast einstaka málefni. Á hverri deild er veggspjald þar sem barnasáttmálinn er uppsettur á mynd-



rænan hátt og geta börnin því hæglega skoðað myndirnar og hugsað um réttindi sín. Nokkur börn á eldri deild í Hulduheimum voru spurð út í barnasáttmálan í tilefni af þessari frétt og þau vildu koma því á framfæri að þau hefðu rétt á að segja sína skoðun og hvernig þeim

líður við foreldra sína og aðra fullorðna. Eftir svolitlar vanga-veltur sögðu þau: „Við ráðum yfir herberginu okkar og hvernig við viljum hafa herbergin“. Hægt er að sjá nánari upplýsingar á www.barnasattmali.is

Sólveig Dögg Larsen,
Aðstoðarleikskólustjóri á
Hulduheimum.

Kjörfundur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Kjörfundur vegna kosninga til Alþingis fer fram laugardaginn 30. nóvember 2024. Kosið verður í stjórnsýsluhúsinu á Borg í fundarsal sveitarstjórnar á 2. hæð. Kjörfundur hefst kl. 10:00 og lýkur kl. 20:00.

Kjósendur eru minntir á að hafa meðferðis persónuskilríki með mynd og framvísa þeim ef óskað er.

Kjörstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps

Aðventusamkomur 1. desember í Árnesi og Hrunakirkju

Sunnudaginn 1. desember nk. verður aðventuhátíð í Árnesi kl. 15. Nemendur úr Þjórásarskóla sýna helgileik, fermingarbörn lesa og kirkjukórinn syngur undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur. Ræðumaður verður Hermann Örn Kristjánsson skólustjóri Sunnulaekjarskóla.

Um kvöldið þann 1. desember kl. 20 verður síðan aðventukvöld í Hrunakirkju þar sem fermingarbörn lesa, kirkjukórinn syngur

undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur og Halldóra Hjörleifsdóttir flytur jólasögu.

Ræðumaður verður sr. Bolli Pétur Bollason, prestur í Ástjarnarprestakalli í Hafnarfirði.



Jólabókaupplestur í Bókakaffinu

Lesið verður úr jólabókum í Bókakaffinu á Selfossi á fimmtudagskvöldinu 28. nóvember. Húsið verður opnað kl. 8 og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Þau sem lesa að þessu sinni eru Illugi Jökulsson, Sigþór J. Guðmundsson, Auður Styrkarsdóttir, Jón Hjörleifur Stefánsson, Ásdís Ingólfssdóttir og Kristín Þóra Harðardóttir.



Hamarinn í Hveragerði

Hamarinn í Hveragerði er eitt Haf einkennum og perlum bæjarins og sést vel frá efri hluta Kamba. Við Hamarinn hefur myndast útivistarparadís, þéttur skógur með hlykkjóttum göngustígum. Fyrstu trén voru gróðursett þar fyrir um 60 árum, en það gerðu barnaskólabörn að vori við lok skólatímabilsins í þegnaskyldu til samfélagsins. Skógræktarfélag Hveragerðis tók síðar við keflinu og hélt ræktuninni áfram, ásamt trjárækt á stóru landsvæði í norðurhlíðum Kamba.

Hlíðar Hamarsins snúa til suðurs mót sólu. Klettarnir gleypa í sig sólargeislana sem laumast milli trjágreinanna, klettarnir hitna og endurkasta hitanum til trjáanna. Á sama tíma

verndar Hamarinn með hæð sinni trén fyrir kaldri norðanáttinni. Gróðursvæðið var því kjörlendi fyrir tré og hinn hraði vöxtur þeirra ber þess vott. Því miður sjást suðurhlíðar Hamarsins vart lengur vegna trjáa þegar horft er til hans, hvorki frá láglendi né frá útsýnisstað í Kömbunum. Það er komið of mikið af stórum trjám og þörf á grisjun á nokkrum völdum stöðum. Það yrði bara til bóta ef mynduð yrðu rjóður í þessum þetta skógi svo sólin gæti sent geisla sína þangað, en einnig svo bergið sæist, því bergið er líka hluti af náttúrunni. Í dag eru tvær uppgönguleiðir upp á Hamarinn. Annars vegar tiltölulega auðveld leið á austurhlíð hans við kaldavatnstankinn og

hins vegar um miðjan Hamarinn á suðurhlíð. Þessar uppgönguleiðir eru þó ekki hættulausar og ekki ráðlegt að fara upp á Hamarinn þær leiðir með börn. Þeir sem ekki komast á fæti upp á Hamarinn geta fylgt ökuslóð sem hefst austan við íþróttasvæðið þar sem Hamarshöllin stóð. Þegar upp á Hamarinn er komið blasir við frábært útsýni yfir Hveragerði og stundum jafnvel til Surtseyjar og Vestmannaeyja.

Lagt er til að bæjarfélagið Hveragerði bæti úr þessum „ágöllum“ með því að grisja skóginn (náttúran er ekki bara tré) og gera uppgönguleiðirnar öruggari og greiðfærari. Útsýnið yfir Hveragerði, frá efsta hluta Hamarsins, er í einu orði sagt frábært. Þar mætti koma fyrir hring-sjá og korti af Hveragerði ásamt léttu varnargirðingu á klettabrún. Þessar endurbætur munu leiða til þess að fleiri gætu notið náttúruupplifunar, en það fellur vel að aðalmarkmiðum væntanlegs aðalskipulags Hveragerðis.

Róbert Pétursson,
Íbúi í Hveragerði.

Alþingiskosningar 30. nóvember 2024



Kjörfundur í Hveragerði vegna alþingiskosninga laugardaginn 30. nóvember 2024 hefst kl. 9:00 og lýkur kl. 22:00 þann dag í Grunnskólanum í Hveragerði við Skólamörk.

Tvær kjördeildir

Í kjördeild 1 kjósi þeir sem hafa heimilisfang frá Aldinmörk til Heiðmarkar auk þeirra sem eru óstaðsettir í hús og þeirra sem búa erlendis og njóta kosningaréttar á Íslandi.

Í kjördeild 2 kjósi þeir sem hafa heimilisfang frá Helluhrauni til Öxnalækjar.

Aðgengi

Gengið er inn um aðalinngang, vestanmegin, við íþróttahúsið.

Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er austanmegin.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kjósendum er skylt að gera kjörstjórn grein fyrir sér með því að framvísa persónuskilríkjum með mynd.

Þá er ekki heimilt að vera með áróður á eða við kjörstað meðan á kjörfundi stendur svo sem barmmerki og/eða merkingar á bifreiðum.

Hveragerði, nóvember 2024,
Yfirkjörstjórnin í Hveragerði.



Ókeypis grafíksmiðja í Listasafni Árnesinga

Ókeypis grafíksmiðja verður í Listasafni Árnesinga 1. desember frá 14:00 – 16:00.

Spennandi grafíksmiðja í Listasafni Árnesinga þar sem notast verður við gelliplate-einþrykk aðferðina og tímarit til þess að flytja ljósmyndir yfir á gelið til að þrykkja svo á pappír. Aðferðin er einföld og skemmtileg og engin reynsla er nauðsynleg. Þátttakendur læra grunnatriðin í gelliplate-þrykki og fá að gera alls konar tilraunir með miðilinn.

Þrír nemendur á listnámsbraut í FSU leiða smiðjuna en þær hafa mikla reynslu í þessari aðferð.

Þær eru einnig hluti af ungmennaráði Listasafns Árnesinga þar sem þær ásamt fleira ungu fólki eru að þróa hugmyndir í samstarfi við safnið til að ná til fleiri ólíkra hópa í samfélaginu.

Smiðjan er fyrir alla aldurshópa (yngri börn í fylgd með fullorðnum).

Skráning er nauðsynleg á fraedsla@listasafnarnesinga.is.



Áframhaldandi Framsókn fyrir Suðurland



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Holtamannafréttur; Búðarháls; Skilgreining efnistökusvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2405016**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember 2024 að kynna aðalskipulagsbreytingu er varðar skilgreiningu efnistökusvæðis á austanverðum Búðarhálsi, milli Tungnaár og vegarins að Sporðöldustíflu. Efnistökusvæðið er á gildandi deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar, merkt E8. Stærð námu verði 2,3 ha og heimiluð efnistaka allt að 49.000 m³.
- Búrfellshólmur, Búrfell; Nýtt efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2406006**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember 2024 að kynna aðalskipulagsbreytingu sem tekur til skilgreiningar á nýju efnistökusvæði á Búrfellshólum austan Búrfells, svæðið er í beinu framhaldi af núverandi efnistökusvæði E33. Áætluð efnistaka er allt að 4,5 milljón m³ og að efnisnám nemi um 80.000-300.000 m³ á ári í 10-15 ár. Stærð svæðis er 189 ha. Um er að ræða vikurnámu og er vikurinn einkum unninn til útflutnings.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

- Minna-Mosfell L168262; Öldusteinstún - frístundabyggð; Deiliskipulag - 2410081**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember 2024 að kynna nýtt deiliskipulag sem tekur til hluta frístundasvæðis F82 í landi Minna-Mosfells. Um er að ræða 1. áfanga af fjórum innan skipulagssvæðisins. Gert er ráð fyrir skilgreiningu á 21 lóð í fyrsta áfanga á bilinu 7.234 - 15.797 fm að stærð. Innan hvernar lóðar er gert ráð fyrir heimild fyrir frístundahúsi auk þess sem heimilt er að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingareits og hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

- Áshildarmýri; Vatnsból og Vatnsverndarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2406076**
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 24. október 2024 aðalskipulagsbreytingu sem tekur til nýs vatnsverndarsvæðis í Áshildarmýri. Vatnsbólið sem vatnsverndarsvæðið tekur til er í Flóahreppi í landi Hjalmsólts og er lögð fram sambærileg tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningar á vatnsbóli innan Flóahrepps.
- Holtamannafréttur L221893; Sigöldustöð; Efnistökusvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2405114**
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember 2024 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 vegna efnistökusvæðis við Sigöldustöð. Með breytingunni felst að skilgreint verði nýtt efnistökusvæði við aðrenslisskurð Sigöldustöðvar. Efni hefur verið tekið af svæðinu við framkvæmdir tengdar virkjunum og vatnsmiðlun, en náman er ekki á skipulagi. Efni úr námunni verður einkum nýtt við framkvæmdir í tengslum við fyrirhugaða stækkun Sigöldustöðvar. Stærð efnistökusvæðis verður um 1 ha og heimilt verður að vinna allt að 49.000 m³ af efni.

- Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps; Minni-Ólafsvellir; Aðalskipulagsbreyting - 2310031**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 24. október 2024 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Aðalskipulagsbreytingin nær yfir hluta Minni-Ólafsvalla L166482. Gert er ráð fyrir að hluta landbúnaðarsvæðis er breytt í íbúðarbyggð og verslunar- og þjónustusvæði. Heimilt er að vera með íbúðarhús og gestahús með gistingu fyrir allt að 70 gesti. Einnig er heimilt að vera með ýmiss konar afþreyingu, einkum tengda hestum.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum; Frá Haki að Leirum; Deiliskipulag - 1904036**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulag ásamt óverulegri breytingu á núverandi deiliskipulagi sem tekur til Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Deiliskipulagið felur í sér að skilgreina fyrir-komulag vega, bílastæða, útivistar- og almenningssvæða, göngustíga og gangstétta ásamt mögulegri uppbyggingu svæðisins til framtíðar. Þá verður gerð grein fyrir lóðar-mörkum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi. Helstu markmið skipulagsins er að tryggja vernd einstakrar náttúru og menningarminja Þingvalla og bæta aðgengi að og um vesturhluta Þjóðgarðsins og auka þjónustu við gesti hans. Samhliða vinnu við deiliskipulag er gerð breyting á gildandi deiliskipulagi sem felst í því að sá hluti deiliskipulagsins sem nær til svæðis austan við Þingvallaveg ásamt svæði sem nær til bílastæða á bökkum Hrutagils-lækjar vestan Þingvallavegar er felldur úr gildi auk deiliskipulags sem tekur til Valhallar- og Þingplans. Niðurfelling þessara hluta skipulagsáætlana svæðisins er gerð samhliða samþykkt þessa deiliskipulags en þeir skilmálar sem við eiga eru nýttir innan nýs deiliskipulags. Skipulagstillagan er lögð fram í formi greinargerðar og yfirlitsuppráttar auk þess sem lagðir eru fram þrír deiliskipulagsupprættir af hverju svæði fyrir sig sem skiptast í suðurhluta, miðhluta og norðurhluta.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál 1 – 3 innan auglýsingar eru mál í kynningu frá 28. nóvember með athugasemdafresti til og með 20. desember 2024.

Mál 4 – 7 innan auglýsingar eru mál í auglýsingu frá 28. nóvember með athugasemdafresti til og með 10. janúar 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Stefna og áherslur fyrir okkur öll

Nú þegar stutt er til kosninga eru mörg óákveðin og eiga erfitt með að gera upp hug sinn. Með þessum línunum vonast ég til þess að geta auðveldað þér, kjósendi góður, að velja til vinstri með því að fara örstutt yfir kosningaáherslur VG.

Samheldið samfélag og öflug almannajónusta. Það felur meðal annars í sér að almannajónusta er fyrir okkur öll og verður ekki einkavædd frekar en innviðir. Greiðslur fæðingarorlofs og barnabóta hækka til fjölskyldna með lágar tekjur og skólaganga verður gjaldfrjálst. Efnahagsstefna á að draga úr ójöfnuði og því verður fjármagnstekjuskattur þrepaskiptur auk þess sem stærri hluti ágóða af nýtingu sameiginlegra auðlinda fer í sameiginlega sjóði.

Kvenfrelsi. Það eru blíkur

á lofti og bakslag í mannréttindum. Því er brýnt að uppræta kynjamisrétti og tryggja frelsi frá ofbeldi. Einnig þarf að leiðrétta kerfisbundið vanmat á kvennaströfum. Það verður að berjast gegn aukinni kvenfyrirlitningu og fordómum í samfélaginu með öllum tiltækum ráðum.

Náttúran. VG sker sig úr hvað varðar bæði gjörðir og stefnu í umhverfismálum. Við stöndum vörð um víðerni Íslands og náttúru. Tökum sannað gjarnt auðlindagjald fyrir þjóðina og höldum orkuauðlindum og orkuinnviðum í almannaeign. Við losum minna og bindum meira með skjótum og fjármögnuðum aðgerðum.

Friður. Beitum okkur fyrir

friðsamlegum lausnum, mannréttindum og lýðræði. Við stöndum með frjálsri Palestínu og viljum vopnahlé strax. Hætta þarf ómannúðlegri og harkalegri stefnu gegn fólki á flóttu. Hér stuðlar félagslegt réttlæti að friðsömu og mennsku samfélagi.

Stefið í áherslum VG er mennskan, sameignin og sanngirninn. Réttlætið þar sem bæði fólk og náttúra eru í forgrunni sem er andstæða ofríkis auðvalds. Við eigum öll ekki bara tilverurétt, heldur rétt á að lifa góðu lífi.

Þess vegna kýs ég konu til þingsstarfa sem hefur mannúð að leiðarljósi, Hólmfríði oddvita VG í Suðurlandskjördæmi.

Helga Tryggvadóttir,
4. sæti á lista VG í
Suðurlandskjördæmi.

Af hverju er nauðsyn að fá Sósíalista inn á þing og í næstu ríkisstjórn?

Vegna þess að Sósíalistaflokkurinn er með mannúðlegustu stefnuna í húsnaðismálum, sem felst meðal annars í því að öruggt og viðráðandi húsnaði á að vera ein af grunnstoðum velferðarkerfisins og sá markaður á ekki að vera leiksvæði fjársterkra braskara sem hugsa um lítið annað en eigin hag. Það eiga ekki að vera forréttindi að búa við öruggt húsnaði, það eru og eiga að vera sjálfsögð mannréttindi, óháð búsetu og/eða samfélagsþrepum.

Í stefnu flokksins í mannréttindamálum segir meðal annars að ekki skuli mismuna fólki eftir uppruna, efnahag og/eða líkamlegu atgervi og að allir séu jafnir í alþjóðlegu samhengi. Þetta þýðir meðal annars að okkur

hreinlega ber að taka á móti því fólki sem hingað til lands leitar eftir alþjóðlegri vernd og veita því réttláta og mannúðlega málsmeðferð án mismununar.

Stefna flokksins í heilbrigðismálum er í stuttu máli sú að heilbrigðisþjónustan eigi að vera gjaldfrjálst, frá vöggu til grafar og öllum til gagns, ekki bara sumum.

Umhverfisstefna flokksins segir að við eigum að láta náttúruna njóta vafans og að þessi sjónarmið séu ráðandi, í stað þess að fjárhagslegur eigingróði stórfyrirtækja og einstaklinga sé í forgangi. Einnig að lýsa

skuli yfir neyðarástandi í loftlagsmálum og að íslensk stjórnvöld bregðist við þeirri vá hratt og örugglega og í samstarfi við aðrar þjóðir.

Stefna Sósíalistaflokksins í skattamálum er á þá leið að nýta eigi skattakerfið sem jöfnunartæki, sem í stuttu máli felst í því að nálgast það fjármagn sem þarf í þá vasa sem geta greitt meira til samfélagslegrar uppbyggingar. Það þarf bara að þora að gera það og einnig þarf að stórefla opinbert eftirlit með skattaundanskotum.

Setjum því X við J og skilum rauðu, þann 30.11.24!

Ólafur H. Ólafsson,
7. sæti Sósíalista í
Suðurlandskjördæmi.

Hrunamannahreppur veitir 50% afslátt af gatnagerðargjöldum atvinnulóða

Seitarstjórn Hrunamannahrepps hefur samþykkt að veittur verði 50% afsláttur af gatnagerðargjöldum atvinnulóða við götuna Iðjúlóð á Flúðum.

Munu gatnagerðargjöld við þessa ákvörðun verða á bilinu ca. 3 - 6 m.kr. pr. lóð en gjaldið fer eftir heimiluðu byggingarmagni á hverri lóð fyrir sig.

Gildir afslátturinn af öllum lóðum við götuna sem úthlutað er til 1. september 2025.

Í greinargerð með tillitunni kemur fram að farið hafi verið í gatnagerð við Iðjúlóð fyrir allmörgum árum en fyrirhugað er að ráðast í yfirborðsfrágang götunnar á næsta ári. Við Iðjúlóð hafa þegar risið tvö hús. Nýverið var þremur lóðum við götuna úthlutað vegna bygg-



ingar björgunarmiðstöðvar og einni annarri lóð var nýlega úthlutað. Enn eru því óúthlutaðar sjö lóðir við Iðjúlóð. Eru lóðirnar allar á bilinu 1.586m²–2.400m² að stærð en nýtingarhlutfall á lóðunum skal vera á bilinu 0,4-0,6. Með því að veita ríflegan afslátt af

gatnagerðargjöldum er verið að veita húsbyggjendum og fyrirtækjagjöldum umtalsvert betri kjör á byggingarlóðum en áður hefur tíðkast í þeirri von að slíkur afsláttur glæði áhuga athafnafólks á Flúðum sem vænlegum kosti fyrir uppbyggingu fyrirtækja og atvinnulífs.



Svarta kómedían á Borg í Grímsnesi

Leikfélagið Borg sýnir þessum mundir leikritið Svarta kómedían í félagsheimilinu Borg í Grímsnesi. Sýningarnar eru ekki margar en leikfélagið ætlar að hafa eina sýningu 28. nóvember sem er Þakkargjörðarhátíð Bandaríkjamanna og gefa allan ágóða af miðasölu sýningarinnar til Sjóðsins góða

til að leggja sitt af mörkum að sem flestir geti haldið hátíðleg jól. Svarta kómedían er þýdd af Vigdís Finnbogadóttur og er í leikstjórn Sindra Mjölnis. Eftir þessa sýningu verða einungis tvær sýningar, 1. og 7. desember. Leikfélagið Borg er 10 ára á næsta ári og er þetta 6. verkið sem félagið setur á svið.

Er ímynd Ölfuss græn eða grá?

Ábyrg og sjálfbær nýting Auðlinda er hornsteinn í stefnumótun og framtíðarsýn okkar í Ölfusi og við höfum allt til að bera til að verða leiðandi sveitarfélag í sjálfbærri þróun.

Markvisst hefur verið unnið að því að byggja upp ímynd sveitarfélagsins til að laða að spennandi nýsköpun og skapa tækifæri í grænum iðnaði.

Að byggja gríðarstóra og orkufreka mülunarverksmiðju inn í mitt sveitarfélagið, með tilheyrandi umhverfisáhrifum, gengur þvert á þá vegferð og varpar dimmum skugga á ímynd Ölfuss.

Stóraukin losun – þvert á markmið

Talsmenn mülunarverksmiðju hafa mikið rætt um möguleika móbergsins okkar til að draga úr kolefnisfótspori í sementsframleiðslu. Vandamálið er þó að sá „sparnaður“ er alfarið á kostnað Ölfuss. Eitt það fyrsta sem fýkur út um guggann eru markmið Sóknaráætlunar Suðurlands um að draga úr losun koltvísýrings um 10% fyrir 2025. Með mülunarverksmiðju horfum við fram á að stórauka losun í stað samdráttar. Allt þetta reiknast í okkar loftslagsbókhalði – ávinningurinn fer til stóriðju í Evrópu og þýskra hluthafa.

Mülunarverksmiðja er orkufrek og umhverfiseyðandi stóriðja, sem tekur um helming af framleiðslu Nesjavallavirkjunar í rekstri. Á sama tíma er umræða í samfélaginu um að ekki sé nóg til

Hjördís
Erlingsdóttir
Íbúi í Ölfusi.



af rafmagni fyrir orkuskiptin né græna atvinnustarfsemi. Er það skref áfram eða aftur á bak?

Sjálfbærri ímynd varpað fyrir róða

Hingað til hefur áhersla verið lögð á að byggja ferðabjónustu á Suðurlandi á sjálfbæru samfélagi og stórauka uppbyggingu í grænni og sjálfbærri matvælaframleiðslu. Með mülunarverksmiðju mun ímynd sveitarfélagsins Ölfuss bíða hnekki og hafa neikvæð áhrif á hag og vöxt mikilvægtra atvinnugreina á svæðinu til lengri tíma litid. Viljum við vera þekkt sem mülunar- og námubær, sem grefur niður fjöllum og rífur upp hrygningarsvæði okkar eigin nytjastofna?

Í Orku- og auðlindastefnu Ölfuss er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu auðlinda. Með því að fylgja okkar eigin stefnu og hafna grárri stóriðju getum við tryggt að ímynd okkar verði áfram tengd framþróun og sjálfbærni. Slík ímynd dregur að jákvæðri atvinnuþróun og hjálpar okkur til við að móta og efla það samfélag sem við viljum búa í.

Segjum nei við mülunarverksmiðju.

Persónulegar JÓLAGJAFIR



Það styttist í jólin!

Kíktu á hönnunarvefinn okkar og búðu til persónulegar jólagjafir.

Ljósmyndir, myndalbúm, dagatöl og jólakort á:



honnun.prentmetoddi.is

Skjálftinn 2024

Ljósmyndari Skjálftans var Patrik Ontkovic.



Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar 2025 - Án álags á útsvar

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2025 var lögð fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 20. nóvember. Útsvarsprósentan lækkuð í 14,97% og álagið afnumið.

Lykilpunktar

- Álagið tekið af, útsvarsprósentan verður 14,97%, lækkar um 1,474%.
- Jákvæð rekstrarniðurstaða 105 milljónir í A- og B-hluta án álags á útsvar.
- Veltufé frá rekstri er 2,1 milljarður.
- Fasteignaskattur hækkar en vatns- og fráveitugjald lækkar.
- Gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs lækka fyrir tvískipta spartunnu.
- Skuldaviðmið Árborgar lækkar og verður 126,5% árið 2025.
- Hóflegar gjaldskrárhækkanir í takti við kjarasamninga.
- Stöðugildum heldur áfram að fækka milli ára.
- Verjum þjónustu við börn og ungmenni. Vinnuskóli fyrir 8. bekk og 17+ hefst aftur sumarið 2025.
- Dagdvölin Árblik opin yfir sumartímann.
- Viðbygging við leikskólann Jötunheima, kennslusundlaug og hönnun 3. áfanga Stekkjaskóla.
- Endurnýjun Eyrargötu á Eyrarbakka, hreinsistöðin og rannsóknarboranir Selfossveitna.

Í fjárhagsáætlun 2025 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar, A- og B-hluta, verði jákvæð sem nemur 105 milljónum og að EBITDA verði jákvæð um 2.853 milljónir. Veltufé frá rekstri er áætlað 2.092 milljónir í samstæðu sveitarfélagsins, framlegðarhlutfallið verði 13,9 og skuldaviðmiðið komið í 126,5%.

„Þetta er jákvæð niðurstaða og umfram áætlanir og markmið aðgerðaráætlunar „Brú til betri vegar“. Reksturinn verður traustari og sveitarfélagið er nú vel undir 150% skuldaviðmiði og þriggja ára rekstrarjöfnuður að verða jákvæður. Þetta veitir bæjarstjórn tækifæri til að lækka álög á íbúa þegar fram líða stundir, og fyrsta skrefið í þá átt er að afnema sérstakt álag á útsvar á árinu 2025 sem hefur verið í gildi árið 2024. Verkefninu er þó ekki lokið en við munum standa vörð um grunnþjónustu við íbúa. Áfram verður leitað leiða til hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins en við gleðjumst yfir áfanganum,“ segir Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar.

Ábyrgur rekstur

Jákvæð útkomuspá ársins 2024 og áætlun næstu ára er umfram markmið aðgerðaráætlunar „Brú til betri vegar“ sem var sett fram á grundvelli samkomulags um

fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga nr. 138/2011 milli Sveitarfélagsins Árborgar og innviðaráðherra, dags. 27. mars 2023. Rekstur sveitarfélagsins verður traustari og er sveitarfélagið vel undir 150% skuldaviðmiði. Árið 2025 verður þriggja ára rekstrarjöfnuður einnig jákvæður.

Þetta er mikil breyting sem hefur náðst með erfiðum ákvörðunum og dugnaði, elju og samstarfi starfsmanna, kjörinna fulltrúa, íbúa og ráðgjafa. Þakkir til allra sem hafa lagt sitt af mörkum.

Góð flokkun úrgangs að skila sér

Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði hækkar í 0,48% af fasteignamati og vatns- og fráveitugjald lækkar, að hluta til á móti fasteignaskatti, í 0,102% fyrir eignir í A-flokki en gjöld á B- og C-flokk haldast óbreytt. Lóðarleiga helst óbreytt. Gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs lækka hjá þeim sem eru með tvískipta tunnu og hækka lítilla eða standa í stað í öðrum flokkum. Íbúar fá sérstakt hrós fyrir góða flokkun úrgangs sem er að skila sér í auknum tekjum frá Úrvinnslusjóði og er því hægt að lækka þá flokka.

Þessi breyting innan fasteignagjaldanna skilar auknu fjármagni í A-hluta sveitarfélagsins sem stendur undir grunnþjónustu við okkur íbúa og er ástæða þess að hægt er að afnema álag á útsvar. Það má áætla að hækkan fasteignagjalda hjá fasteignaeigendum sé að meðaltali um 5-14% milli ára. Skýrist það af mismunandi hækkan fasteignamats milli svæða. Eyrarbakki og Stokkseyri hækka mest þetta árið.

Aðrar gjaldskrár sveitarfélagsins hækka almennt um 3,5% sem er í takti við verðlagsþróun.

Fjárfest í innviðum til framtíðar

Umfangsmiklar framkvæmdir eru áætlaðar á næstu árum sem bæði er ætlað að tryggja innviði undir þjónustu sveitarfélagsins við íbúa og viðhalda eignum. Áætlað er að framkvæma fyrir rúmlega tvo milljarða á næsta ári og hefur eigna- og veitunefnd ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins unnið að forgangsroðun til að fjármagnið nýtist sem best.

Helstu framkvæmdir næsta árs eru tengdar viðbyggingu við leikskólann Jötunheima, uppbyggingu nýrrar kennslusundlaugar við Sundhöll Selfoss, endurnýjun Eyrargötu á Eyrarbakka, gatnagerð á Stokkseyri, skólalóð Vallaskóla og áframhaldandi framkvæmdum á hreinsistöðinni í Geitanesi. Hjá veitunum verður byrjað á nýrri dælustöð og geymi ásamt frekari rannsóknum og virkjunum hjá Selfossveitum.

Næsti áfangi Stekkjaskóla verður tekinn í notkun í upphafi árs og í framhaldinu hafa hönnun á þriðja áfanga sem mun hýsa

tónlistarskóla og íþróttamannvirki. Áfram er sett fjármagn í viðhald stofnana en með auknu svigrúmi á næstu árum verður hægt að auka framlög í samræmi við þörf til þeirra verkefna.

Aukum skilvirkni og þjónustu

Sveitarfélagið Árborg vinnur áfram að aukinni stafrænni vegferð með það að markmiði að bæta þjónustu og auka skilvirkni innan stjórnsýslunnar. Áætlað er að stíga stór skref á næsta ári m.a. með nýrri heimasíðu, innleiðingu á nýju skjalakerfi og notkun gervigreindar. Aðgerðir sem eiga bæði að nýstast starfsmönnum við vinnu og veita íbúum betri þjónustu.

Í fjárhagsáætlun vill bæjarstjórn hlúa að framtíðinni og leggja áherslu á bættu þjónustu við börn, ungmenni og eldri borgara. Á næsta ári verður frístundastyrkurinn áfram fyrir börn á aldrinum 4-17 ára, 8. bekk bætt við vinnuskólann sem verður þá fyrir 8.-10. bekk ásamt úrræðum fyrir 17+ hópin. Þar verður sérstaklega horft til sumarvinnu fyrir ungmenni með fötlun. Auk þess verður unnið að enn frekari forvörnum í samvinnu við Öruggara Suðurland.

Unnið verður að aðlögun þjónustu við aldraða m.a. í gegnum verkefnið „Gott að eldast“. Markmiðið er að þjónustan nýtist betur fyrir þau sem þurfa. Dagdvölin Árblik verður þá opin yfir sumartímann sem er fagnaðarefni og heilsuefning eldri borgara á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri verður áfram.

Nýtum tækifærin til að ná betri árangri

Áskoranirnar fram undan eru vissulega til staðar. Vextir og verðbólga hafa áhrif á allan rekstur í dag og vonandi halda báðir þættir áfram að lækka næstu mánuði. Kjarasamningsviðræður eru í gangi hjá stórum hópi starfsmanna sveitarfélaga sem geta einnig haft mikil áhrif á áætlanir.

Tækifærin hér í Árborg eru sannarlega til staðar. Sveitarfélagið er með spennandi svæði til úthlutunar og byggingaráróform íbúða- og atvinnuhúsnæðis eru í fullum gangi og í samræmi við þá vaxandi þörf á landsvísu. Það er trú á uppbyggingu í sveitarfélaginu enda Árborg gott samfélag með öflugum þjónustu. Þetta staðfestist nær daglega þar sem íbúum heldur áfram að fjölga þrátt fyrir krefjandi aðstæður sveitarfélagsins undanfarin ár.

Það er ánægjulegt að samstillt átak kjörinna fulltrúa, starfsmanna, íbúa og annarra sem hafa komið að sé að skila þessum árangri. Um leið er mikilvægt að halda fókusi á stefnunni, við erum ekki komin í mark, aðlagð aðgerðir í takti við stöðuna og nýta tækifærin til að ná betri árangri fyrir Árborg okkar allra.



Summa & Sundrung valin besta alþjóðlega myndlistarsýningin

Sýningin Summa & Sundrung með listamönnunum Steinu, Woody Vasulka og Gary Hill, sem var framleidd af Listasafni Árnesinga og House of Arts Brno, hlaut fyrstu verðlaun hjá menningarmálaráðuneytinu í Tékklandi þann 19. nóvember sl. sem besta alþjóðlega myndlistarsýningin á síðasta ári en sýningin ferðaðist frá Hveragerði og yfir til House of Arts, Brno í Tékklandi.

Sýningarstjórar sýningarinnar voru Kristín Scheving, Halldór Björn Runólfsson og Jennifer Helia Defelice.

„Sýningin var samstarfsverkefni þessara tveggja stofnana og er það afar ánægjulegt að hún hafi hlotið þessi verðlaun,“ segir í tilkynningu frá Listasafni Árnesinga.

Styrktaraðilar að sýningunni voru: Safnaráð, Uppbyggingarsjóður Suðurlands, Thoma Foundation, BERG Contemporary, Hveragerðisbær, Brno-borg, menningarsjóður Tékklands og Vasuka Kitchen Brno.

Olíumálverkasýning í Gallery Seli



ar eða annað ótengt náttúrunni kemur varla fyrir í verkum mínum. Kannski finnst mér allt slíkt trufla upplifunina. Veðurfarið breytist stöðugt. Viðfangsefnið er endalaust og kemur sálarlífinu og sköpunargleðinni úr öllum áttum. Það er engin leið að verða þreyttur á því stórbrotna listaverki,“ segir Hrafnhildur Inga.

Hrafnhildur Inga hefur haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum heima og erlendis.

Allir eru velkomnir á sýninguna og boðið verður upp á léttar veitingar.

Sýningin stendur út desember.

Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir sýnir ný olíumálverk á Sýningarveggnum í Gallery Seli á Selfossi. Sýning opnar laugardaginn 30. nóvember kl. 14-16.

„Ég hleypi helst engu að í verkum mínum nema náttúrunni. Mannskepnan, dýr, blómavasar, bátar og bygging-

Sýning á olíumálverkum á bókasafninu í Hveragerði

Jakob Árnason er um þessar mundir að sýna olíumálverk á bókasafninu í Hveragerði. Verkin eru öll unnin á síðustu tveimur árum.

Um er að ræða landslagsmálverk, uppstillingar og abstrakt verk.

Jakob er að mestu sjálfmenntaður í málalartistinni, sem hann hefur stundað í 15 ár en síðustu fimm árin hefur hann sótt námskeið hjá Myndlistarskóla Kópavogs. Jakob er félagi í Myndlistarfélagi Árnesinga og myndlistarfélaginu Litka. Hann hefur tekið þátt í fjórum samsýningum en þetta



er hans fjórða einkasýning. Sýningin er opin á opnunartíma bókasafnsins og stendur út desembermánuð 2024.

FUNDIR



OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14

Opið hús

Þriðjud. kl. 14-16

Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14

Opið hús

Fimmtudaga kl. 11-14

Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14

Opið hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfið með að hætta að borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

Kona, vertu ekki fyrir!

Við, íbúar í Ölfusi, stöndum á tímamótum þessi misserin. Okkur gefst nú kostur á að kjósa um hvort við viljum bjóða hingað umdeildum þýskum sementsrisa sem verður án efa stefnumótandi ákvörðun í atvinnumálum sveitarfélagsins. Umræðan í kringum málið hefur verið lífleg og augljóst að mikið liggur við enda er um að ræða starfsemi sem mun hafa áhrif á lífsgæði, náttúru og umhverfi okkar til framtíðar.

Það hefur verið með ólíkind-

um að fylgjast með aðdraganda fyrirhugaðrar íbúakosningar um verkefnið. Boðað hefur verið til íbúakosningar frá 25. nóvember til 9. desember, án þess að áhrif grjótmölnar á nærliggjandi starfsemi liggja fyrir, þó að sú ástæða hafi verið gefin fyrir frestum íbúakosningar í vor. Kynning verkefnisins hefur að mestu verið í höndum fyrirtækisins sjálfs, sem vart getur talist hlutlaust, en meirihluti bæjarstjórnar ekki talið það í sínum verkahring að taka þátt í kyn-



ingu máls eða miðlun upplýsinga til bæjarbúa er varðar verkefnið, kosti þess og galla. Það er að mati undirritaðra með ólíkindum að bæjarstjóri og meirihluti bæjarstjórnar telji það ekki í sínum verkahring að standa vörð um hagsmuni íbúa með því að miðla upplýsingum um ólíkar hliðar á svo stóru verkefni, því stærsta sem sóst hefur eftir að koma hingað. Sér í lagi í ljósi þess að þeir sérfræðingar sem fjallað hafa um áformin auk forsvarsmanna nærliggjandi landeldis hafa af því stórar áhyggjur.

En þar með er ekki öll sagan sögð. Í öllu þessu ferli hefur sá bæjarfulltrúi sem hvað mest hefur látið sig málið varða, lagt sig fram um að miðla upplýsingum frá sérfræðingum, gagnrýna og upplýsa íbúa, mátt þola linnulausar árásir, tilraunir til þöggunar og svívirðingar. Nýjasta dæmið átti sér stað á íbúafundi nýverið þar sem örvæntingarfullur karl, sem kominn var út í horn, sá sig knúinn til að hreinlega segja henni að þegja. Þessi framkoma var ekki ósvipuð þeirri sem ákveðnir fulltrúar meirihluta, auk bæjarstjóra, hafa tamið sér gagnvart umræddum bæjarfulltrúa minnihlutans allt þetta kjörtímabil. Umræddur bæjarfulltrúi hefur það eitt sér

til saka unnið að gera það sem hún var lýðræðislega kjörin til að gera, að standa vörð um hagsmuni íbúa af hugsjón og eftir sinni bestu sannfæringu. Það er okkur sem hér skrifum til efs að karl hefði hlotið sömu meðferð og þá sem hún hefur mátt þola allt þetta kjörtímabil.

Meirihluta bæjarstjórnar hefur verið tíðrætt um „að vanda umræðuna“ og „bera virðingu“. Við getum tekið undir það og þætti óskandi að hljóð og mynd færu saman hjá bæjarstjóra og meirihlutunum hvað það varðar. Margur heldur mig sig og það hefur verið kómískt á köflum að sjá menn stilla sér upp í hlutverki fórnarlamb, þá sömu og staðið hafa í sameiginlegum og linnulausum árásum á eina konu.

Að endingu viljum við, undirritaðar, þakka Ásu Berglindi fyrir ómetanlegt starf í þágu okkar íbúa og fyrir þá umræðu sem hún hefur stuðlað að í aðdraganda stærstu ákvörðunar sem við höfum þurft að taka fyrir sveitarfélagið okkar. Við göngum upplýstari og undirbúnari til kosninga fyrir vikið.

Elín Björg Jónsdóttir,
Halldóra Sigríður Sveinsdóttir,
Hrafnhildur Lilja Harðardóttir.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyrvægi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
28. nóvember kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 28. nóvember kl. 14:45
HANVERK OG LIST

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

KIRKJA

Hveragerðiskirkja

Aðventukvöld kl. 20. Skátar koma með friðarljósið frá Betlehem. Pétur G. Markan bæjarstjóri flytur hugveku. Sædis Lind Másdóttir syngur. Kirkjukór Hveragerðis - og Kotstrandarsóknar syngur, einnig Hverafuglar, Kór Félags eldri borgara í Hveragerði. Yngri strengjasveit Tónlistarskóla Árnesinga leikur.

Árborgarprestakall

Helgi hald fyrsta sunnudag í aðventu. Verið velkomin til aðventuhátíða 1. sunnudag í aðventu þar sem við tendrum ljós aðventunnar undir fallegum aðventu- og jólasöng.

Aðventuhátíð í Stokkseyrarkirkju kl. 14. Skólakór BES syngur undir stjórn Önnu Völu Ólafsdóttur. Pétur Núi Stefánsson situr við píanó og orgel og Guðný Alma Haraldsdóttir syngur einsöng.

Aðventuhátíð í Selfoskirkju kl. 18

Barna- og unglingakórar kirkjunnar syngja aðventu- og jóla-lög ásamt kór Selfoskirkju. Einnig minnum við á sunnudagaskólann kl. 11 á fyrsta sunnudegi aðventunnar sem og aðventukórnaðmskeið fyrir börn fædd 2018 og 2019 sem hefst 30. nóvember í Selfoskirkju.

Sjá nánari upplýsingar um það og fleira á heimasíðu Selfoskirkju (www.selfoskirkja.is)

Þorláksskirkja

Aðventuhátíð kl. 16:00. Fjölbreytt dagskrá. Verum öll velkomin og hefjum aðventuna með ljúfri samveru í kirkjunni. Sóknarnefnd og sóknarprestur.

Hrunakirkja

Aðventukvöld sunnudaginn 1. des. kl. 20. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur, fermingarbörn lesa og Halldóra Hjörleifsdóttir flytur jólasögu. Ræðumaður verður sr. Bolli Pétur Bollason, prestur í Ástjarnarkirkju. Verið öll velkomin!

Stóra-Núpskirkja og Ólafsvallakirkja

Aðventuhátíð í Árnesi sunnudaginn 1. desember kl. 15. Nemendur í Þjórsárskóla sýna helgileik, fermingarbörn lesa og kirkjukórinn syngur undir stjórn Þorbjargar Jóhannsdóttur organista. Ræðumaður verður Hermann Örn Kristjánsson, skólustjóri Sunnulaekjarskóla. Verið öll velkomin.



Lyftistöng fyrir samfélagið

Það er ekki á hverjum degi sem tvö stór framkvæmdaverkefni eru kynnt á svæðinu okkar á sama deginum. Hvað þá í sama sveitarfélaginu, en sá dagur var 20. nóvember þegar tekin var skóflustunga og framkvæmdaverkefni kynnt fyrir yfir 30 milljarða á næstu fjórum árum í Árborg.

Nýtt öryggisfangelsi á Eyrarbakka

Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra, kynnti áætlanir um uppbyggingu nýs öryggisfangelsis í landi Stóra-Hrauns við Eyrarbakka. Nýja fangelsið á að geta tekið við um 128 fongum þegar það er fullbyggt, með möguleika á stækkun til framtíðar. Í dag geta verið allt að 80 fangar á Litla-Hrauni í húsnæði sem komið er í viðhaldsþörf.

Áætlað er að byggja fangelsið upp á næstu fjórum árum og taka það í notkun á árinu 2028. Vonandi ganga þau áform eftir enda um stóra fjárfestingu að ræða fyrir samfélagið okkar. Fram kom á kynningunni að

um væri að ræða nútíma öryggisfangelsi sem yrði byggt upp að norrænni fyrirmynd með áherslu á endurhæfingu og öryggi fanga og starfsfólks.

Selfossbrú mun rísa

Það létti hjá mörgum þegar undirritun fór fram um byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá í golf-skálanum á Selfossi. Verkefni sem hefur tafist óþarflega mikið en við fögnum því að loksins sé komið að framkvæmdum. Strax í framhaldinu tók Sigurður Ingi Jóhannsson, fjármála- og innviðaráðherra, fyrstu skóflustunguna að brúnni sem áætlað er að verði tilbúin árið 2028.

Brúin verður byggð af ÞG verkötum og hefur verið nefnd „Selfossbrúin“ af heimafólki. Finnst það nafn falla vel að verkefninu sem felur bæði í sér uppbygg-

ingu brúarinnar og tengivega báðum megin árinna.

Selfossbrúin verður mikil samgöngubót við Selfoss þar sem ófáir kannast við langar raðir eftir Suðurlandsvegi í dag til að komast yfir núverandi brú í austur- eða vesturátt. Íbúar og gestir sem vilja nýta þá fjölbreyttu þjónustu sem er á svæðinu, geta þá vonandi átt greiðari leið um gömlu brúnni.

Þessi verkefni ásamt fleirum á Suðurlandi eru mikil lyftistöng fyrir samfélagið og sýna þá miklu uppbyggingu sem er í gangi á svæðinu. Hvort sem um er að ræða samgöngur, orkumál, íbúðaupbyggingu eða aðra atvinnustarfsemi þá er hugur í Sunnlendingum að halda áfram og efla svæðið enn frekar.

Bragi Bjarnason,
bæjarstjóri og oddviti
Sjálfstæðisflokksins í Árborg.



Sjálfstæðisflokkurinn – Býður fram öflugt lið fyrir Suðurkjördæmi

Við í Sjálfstæðisflokknum í Suðurkjördæmi stillum upp öflugum hópi fólks til að vinna hag okkar sem bestan í komandi þingkosningum þann 30. nóvember næstkomandi. Það skiptir máli hverja við kjósum því verkefni framundan eru fjölmörg og mikilvæg. Við þurfum besta liðið í verkið.

Suðurkjördæmi er stórt og fjölbreytt kjördæmi – með frábæru fólki og öflugu atvinnulífi. Á svæðinu er íbúafjöldun mest á landinu öllu, mikið af auðlindum og langflestir ferðamenn sem sækja landið okkar heim. Þessu fylgja óhjákvæmilega vaxtaverkir og áskoranir en jafnframt fjölmörg tækifæri.

Í framvarðasveit Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi er öflugt fólk úr kjördæminu með mikla reynslu og fjölbreyttan bakgrunn, sem bæði reynir á eigin skinni þær áskoranir sem íbúar Suðurkjördæmis upplifa en jafnframt brennur fyrir því að styrkja kjördæmið og öll þau sem þar búa og starfa.

Síðastliðin misseri höfum við þurft að takast á við stórar áskoranir, bæði sem þjóð en líka sem samfélag. Efnahagslífið hefur upplifað áföll eins og heimsfaraldur, stríðsrekstur í Evrópu og náttúruhamfarir. Samhliða þessu margfölduðust umsóknir um alþjóðlega vernd sem reyndi mikið á innviði okkar og kerfi. Sveitarfélög hafa þurft að takast á við áföll

í nærsamfélagi sínu, eins og náttúruhamfarir, brottflutning heils sveitarfélags og að orkuöryggi þeirra sé stefnt í hættu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur mætt þessum aðstæðum af festu og ábyrgð þar sem hugað hefur verið að því að taka utan um einstaklinga og fyrirtæki. Kaupmáttur fólks hefur aukist 11 ár í röð, hagvöxtur hefur verið hvað mestur í Evrópu, mun meiri en innan ESB, og heimili og fyrirtæki hafa verið varin í gegnum þessar áskoranir. Þá hefur verið gripið til aðgerða til að tryggja orkuöryggi, þar sem innviðir hafa verið í hættu.

Sjálfstæðisflokkurinn býður fram öfluga sveit fólks með reynslu og þekkingu á málafnum kjördæmisins og skýra stefnu til að ná árangri fyrir okkur öll. Við leggjum áherslu á að byggja upp öflugar og öruggar samgöngur, viðhalda þeim mikla árangri sem hefur náðst undanfarið á landamærunum og herða tókin enn frekar. Þá viljum við standa með atvinnulífinu og skapa því betra rekstrarumhverfi en ekki auka

skattheimtu þeirra. Við viljum fylgja eftir þeim fjölmörgu orkuverkefnum sem hefur verið komið af stað undanfarin misseri og þannig rjúfa kyrrstöðuna í orkumálunum. Við viljum lækka skatta, tryggja stöðugleika í húsnæðisuppbyggingu og blása til stórsóknar í menntakerfinu. Þá skiptir okkur öll máli að heilbrigðis-kerfið mæti þörfum okkar og að við tryggjum tímanlega og góða heilbrigðisþjónustu um allt land. Við höfum góða sögu að segja á framförunum á því sviði í kjördæminu með nýrri einkarekinni heilsugæslu í Reykjanesbæ, og viljum halda áfram á þeirri vegferð.

Tækifærin eru í Suðurkjördæmi. Við frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins höfum þekkingu og þor til að nýta þau fyrir okkur öll. Settu X við Sjálfstæðisflokkinn þann 30. nóvember næstkomandi.

Guðrún Hafsteinsdóttir, 1. sæti
Vilhjálmur Árnason, 2. sæti
Ingvaldur Anna
Sigurðardóttir, 3. sæti
Gísli Stefánsson, 4. sæti



Ef þú vilt breytingar - kjóstu þá flokk sem tryggir breytingar

Samfylkingin er tilbúin til að leiða fram þær breytingar sem þjóðin kallaði eftir á hundruðum funda síðastliðin tvö ár og birtast nú í plani Samfylkingarinnar. Íbúar landsins eru búnir að fá alveg nóg af háum vöxtum, heilbrigðiskerfi sem virkar ekki, ónýtum húsnæðismarkaði og vilja sjá áttak í samgöngumálum. Þetta birtist okkur vel í þeim fjölmörgu samtölum sem við höfum átt við íbúa í Suðurkjördæmi síðustu vikurnar. Nú er sögulegt tækifæri til breytinga og Samfylkingin er tilbúin til verka með skýrt plan og trausta forystu leidda áfram af Krístrúnu Frostadóttur sem þjóðin treystir best til þess að leiða næstu ríkisstjórn. Við erum líka tilbúin og ætlum okkur að vera öflugir talsmenn fyrir íbúa í Suðurkjördæmi.

Aukum öryggi fólks og lögum heilbrigðiskerfið

Það að eiga ekki fastan heimilislækni veldur fólki miklu óöryggi, þetta heyrur við aftur og aftur í samtölum okkar við fólk. Þau sem ekki eiga fastan heimilislækni eru líklegri til að þróa með sér stærri vanda sem skapar aukinn kostnað í heilbrigðiskerfinu og hefur neikvæð áhrif á heilsu fólks. Þessu ætlar Samfylkingin að breyta og sjá til þess að allir íbúar landsins fái fastan heimilislækni á næstu tíu árum. Forgangshópur verður 60 ára og eldri og þau sem eru með langvinn veikindi. Samfylkingin ætlar að taka heildstætt á vanda heilbrigðiskerfisins í stað þess að einblína á einstakan biðlista.

Þjóðaráttak í umönnun eldra fólks

Fólkið okkar sem byggði upp landið á skilið að fá góða umönnun og búa við örugg kjör. Samfylkingin ætlar í þjóðaráttak í umönnun eldra fólks með því að byggja hratt upp þau hjúkrunarrými sem vantar og efla samþætta heimaþjónustu. Eldra fólk á ekki að lifa við fátækt og Samfylkingin ætlar að stöðva alfaríð kjaragliðnun milli launa og lífeyris með því að binda greiðslur við launavísitölu, hækka frítekjumark elli lífeyris úr 25 í 60 þúsund krónur og koma á frítekjumarki vaxtatekna þannig að vaxtatekjur upp að 300 þús kr. skerði ekki greiðslur almannatrygginga.

Lækkum kostnað heimila og fyrirtækja

Við ætlum að negla niður vextina með því að hætta að reka ríkið á yfirdrætti. Það verður að

standa betur með ungu fólki og fjölskyldum og laga húsnæðismarkaðinn þannig að hann virki fyrir venjulegt fólk. Það þarf að fara í bráðaaðgerðir á sama tíma og unnið er að langtíma-breytingum og Samfylkingin veit hvernig á að gera það og er tilbúin til verka. Þá hefur Samfylkingin þegar lagt fram frumvarp um umtalsverðar og nauðsynlegar breytingar á fæðingarorlofskerfinu. Við ætlum líka að sjá til þess að lífeyrir Tryggingastofnunar ríkisins hækki í takt við launaþróun með því að binda hann launavísitölu.

Öflugt atvinnulíf og tvöföldun á fjárfestingu í samgöngum

Samfylkingin ætlar að tvöfalda fjárfestingar í samgöngukerfinu með tekjum frá auðlindum og aukinni verðmætasköpun. Allir sem reka fyrirtæki vita að það þarf að fjárfesta til að skapa verðmæti, það sama gildir um Ísland. Næsta ríkisstjórn þarf að byrja aftur að fjárfesta og byggja upp sterka innviði til að atvinnulífið geti blómstrað um allt land. Krístrún Frostadóttir fundaði með 250 fyrirtækjum og þetta er skýr skilaboð sem við tökum alvarlega. Öryggi á vegum úti er lykilatriði, bæði fyrir íbúa landsins og ferðafólk sem sækir landið heim.

Eini flokkurinn sem tryggir breytingar

Með því að kjósa Samfylkinguna getur þú verið viss um að þú sjáir þessar breytingar. Valið er skýrt:

Viltu lækka skatta eða byggja upp heilbrigðiskerfi og aðra innviði?

Viltu sama fólkið við völd og hefur verið þar í fjölmörg ár eða viltu nýjan öflugan stýrimann fyrir þjóðarskútuna?

Viltu breytingar eða meira af því sama?

Samfylkingin er eini flokkurinn sem leggur áherslu á að byggja upp sterka innviði og er með trúverðuga leið til að standa við gefin loforð. Samfylkingin er eini flokkurinn með nýjan öflugan leiðtoga sem er tilbúinn til að leiða fram nauðsynlegar breytingar.

Þetta er sögulegt tækifæri til breytinga - kjósum sterka Samfylkingu fyrir fólkið í landinu.

Víðir Reynisson 1. sæti,
Ása Berglind Hjálmsdóttir 2. sæti,
Sverrir Bergmann 3. sæti og
Arna Ír Gunnarsdóttir 4. sæti
Samfylkingarinnar í
Suðurkjördæmi



Nýir og gamlir eigendur ásamt fjölskyldu.
Ljósmynd: Dagskráin/EHJ.

Nýir eigendur taka við Pylsuvagninum á Selfossi

Nýir eigendur skrifuðu undir kaupsamning á Pylsuvagninum á Selfossi 22. nóvember síðastliðinn. Það eru hjónin Fjóla Kristinsdóttir, fyrrum bæjarstjóri Árborgar, og Snorri Sigurðarson sem taka við rekstrinum.

Fjóla segir í samstarfi við Dagskrána að þau séu spennt fyrir framhaldinu og að þau ætli sér að halda starfseminni óbreyttri. „Ég er búin að vera að ræða við aðila til þess að vera rekstrarstjóri hérna. Við erum alveg ákveðin í því að það verði ráðinn rekstrarstjóri til þess að taka við rekstrinum.“

Ingunn Guðmundsdóttir, einn stofnandi Pylsuvagnsins, segist mjög sátt með sölu. „Ég er búin að vera að hugsa þetta í tvö ár og ég er bara alveg tilbúin. Ég er svo sátt með kaupendur. Þau ætla ekki að breyta neinu. Hún vann hjá mér hún Fjóla, í gamla daga og ég er bara mjög sátt. Þau eru heimafolk.“

Pylsuvagninn var stofnaður árið 1984 og var þá fimm fermetra vagn. Eftir því sem hann varð vinsælli var hann stækkaður meira og meira og er hann í dag einn vinsælasti veitingastaðurinn á Selfossi.

EHJ



Ingunn Guðmundsdóttir, Fjóla Kristinsdóttir, Snorri Sigurðarson og Þórdís Sólmundardóttir.
Ljósmynd: Dagskráin/EHJ.



Pylsuvagninn árið 1985.

ALHLIÐA BYGGINGA-VERKTAKAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM



SÍMI: 848-0964



Við hjá 360°smíði getum bætt við okkur verkefnum inni og úti.

Tilboð eða tímavinna.

Skoðum öll verk.

Endilega hafið samband á
360smidi@360smidi.is
eða í síma 659 3522
erum á Selfossi.



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi

Viðgerðir · Þjónusta

Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



Bílasprautun · Bílaréttingar
Bílrúðuskipti



Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is



Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar

Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland



Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is



Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180

Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Sprettur
ÁBURÐUR



Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

**Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll**



**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

*Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði*

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980